

MAGNÚS LYNGDAL MAGNÚSSON

„KÁTT ER ÞEIM AF KRISTINRÉTTI, KÆRUR VILJA MARGAR LÆRA“

Af kristinrétti Árna, setningu hans og valdsviði¹

1. Inngangur

Ef þú hefir ei áðr fullnumit kirkjunnar lög,
skalt þú nú þat iðna heðan af.

Svo á Árni biskup Þorláksson að hafa mælt við Lárentíus Kálfsson árið 1293, þá fátækan klerk, þegar Lárentíus sótti biskup heim í Skálholt; setti Árni fram fyrir séra Lárentíus lektara sem á voru kirkjulögbækur og bað hann skemmta sér vel við lesturinn (*ÍF* XVII:235).

Árna Þorlákssyni hefur flestum mönnum verið betur kunnugt um afl lagaþekkingar. Hann var vígður Skálholtsbiskup árið 1269 og deildi nálega alla biskupstíð sína við veraldlega höfðingja um yfirráð yfir kirkjustöðum í svonefndum staðamálum síðari. Hann hélt ýmsum öðrum réttindum íslensku kirkjunnar á lofti og setti henni meðal annars ný lög. Kröfur sínar studdi Árni með tilvísun í almenn kirkjulög, boð páfa og erkibiskups og heilaga ritningu.

Vart leikur vafi á því að biskup var margfróður um lög kirkjunnar og er raunar nefndur „sannr vinr laganna“ í Árna sögu (*ÍF* XVII:53). Hún hefur lengi verið talin skrásett af Árna Helgasyni, frænda Árna Þorlákssonar og eftirmanni á Skálholtsstóli, eða þá einhverjum nátengdum Skálhyltingum. Ritunartími hefur oftast verið miðaður við biskupstíð Árna Helgasonar, 1304–

¹ Grein þessi er unnin upp úr köflum úr meistararitgerð höfundar í sagnfræði við Háskóla Íslands (2002) sem unnin var undir handleiðslu Guðrúnar Ásu Grímsdóttur og Más Jónssonar; reyndar hafa þau bæði leiðbeint greinarhöfundi meira eða minni síðustu árin, langtum meira en skylda bauð. Ritstjórn Griplu gerði gagnlegar athugasemdir við greinina og tók höfundur tillit til flestra þeirra. Áranefnd og Kristnihátíðarsjóður veittu höfundi styrki til verksins og þakkar hann liðveisluna. — Titill greinarinnar er úr AM 48 8vo, bl. 2v á spássíu (fært hér til nútímastafsetningar).

1320.² Höfundur hefur haft aðgang að ágætu skjalasafni biskupsstólsins og því stuðst við ritaðar heimildir og annála, auk munnlegra sagna. Margt þessara skjala og bréfa er nú glatað en af því sem varðveist hefur má dæma að meðferð höfundar á þeim gögnum er til fyrirmyndar (Magnús Stefánsson 1978: 114).³

Þess þarf þó að gæta að Árna saga er fyrst og fremst varnarrit kirkjunnar og þeirra manna sem henni stýrðu í Skálholtsbiskupsdæmi á síðustu áratugum 13. aldar (sbr. Sveinbjörn Rafnsson og Magnús Stefánsson 1979:210, 220–221). Tími hennar er mikið umbrotaskeið í sögu landsins og greinir frá samskiptum Íslendinga við yfirvöld í Noregi á fyrstu áratugum eftir að landsmenn gerðust þegnar Noregskonungs. Þetta er tímabil lagasetningar og sagnaritunar sem ekki á sér hliðstæðu í sögu þjóðarinnar. Árna saga er kirkjupólitísk landsaga og sem slík traust heimild um aðferðir kirkjunnar til að öðlast frelsi og fá forræði yfir eigum sínum.⁴ Hún er ennfrems heimild um viðtöku og lögfestingu lögbókanna Járnsíðu og Jónsbókar; hin síðari var lögbók Íslendinga í fullar fjórar aldir.

Saga Árna Þorlákssonar verður ekki rakin í smáatriðum á þessum blöðum né deilur hans við veraldlega höfðingja um eignarhald á kirkjustöðum.⁵ Hér verður litið á afmarkaðan þátt í ævi biskupsins og starfi: kristinrétt hinn nýja, sem fékkst samþykktur á alþingi árið 1275 og gildi hér á landi uns kirkjuordinansía Kristjáns III var lögleidd í Skálholtsbiskupsdæmi 1541 og á Hólum

² Sjá t.a.m. Jónas Kristjánsson (1975:242–244), Sverrir Tómasson (1992a:345–346, 350), Þorleifur Hauksson (*Árna saga biskups:civ–cvii*); Guðrún Ása Grímsdóttir (*ÍF* XVII:xv, xxii–xxvii). Árna saga hefst árið 1237 en lýkur nokkuð skyndilega 1291, í seinni lotu staðamála. Árni lést þó ekki fyrr en árið 1298. Ekki er vitað til viss hvort sögulok hafi týnst, ellegar að sagan hafi aldrei náð lengra. Fyrri skýringin er þó talin líklegri (sbr. *ÍF* XVII:v, *Árna saga biskups:cvi–cvii*).

³ Sjá yfirlit yfir heimildir Árna sögu og annálanotkun höfundar hjá Þorleifi Haukssyni (*Árna saga biskups:lxii–cvi*).

⁴ Orðalagið „kirkjupólitísk landssaga“ er runnið undan rifjum Guðrúnar Ásu Grímsdóttur (*ÍF* XVII:xviii, xxvii). Fyrir um öld og aldarfjórðungi lýsti Guðbrandur Vigfússon Árna sögu með svofelldum orðum: „Þessi saga má með réttu heita saga Íslands á þeim 20 árum sem hún helzt nær yfir (1270–90), en þessi 20 ára öld er einhver hin afdrifamesta í sögu landsins“ (*Biskupa sögur* I:lxvxi).

⁵ Sjá almenna umfjöllun um Árna sögu, varðveislu, ritunartíma, höfund, stíl og fleira í formála Guðrúnar Ásu Grímsdóttur (*ÍF* XVII:v–lvii). Um staðamál hin síðari hefur Magnús Stefánsson fjallað rækilega, bæði í ritgerðinni *Frá goðakirkju til biskupskirkju* (1978:111–257) og í *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold* I. Bergen, 2000. Sjá ennfrems styttra yfirlit yfir þessar deilur hjá Gunnari F. Guðmundssyni (2000: 84–93).

1551 (Loftur Guttormsson 2000:54–63 o.v.).⁶ Í þeirri umfjöllun verður þó vart hjá því komist að vitna í Árna sögu sem heimild um menn og atburði, enda er öðrum viðlíka heimildum um þetta tímabil ekki að heilsa.

Um kristinrétt Árna Þorlákssonar hefur ekki fjarska mikið verið ritað.⁷ Um lögtöku hans á alþingi er Árna saga reyndar býsna fáorð og getur þess hvergi hvort lögin hafi tekið gildi í báðum íslensku biskupsdæmunum, eða aðeins í umdæmi Árna. Þá er óljóst hvernig skilja ber orð sögunnar um áhrif Jóns rauða erkibiskups á setningu kristinréttarins. Í 29. kafla segir:

Ok á þessum vetri [1273–1274] setti hann [þ.e. Árni biskup] fullkom-
liga saman kristindómsbálk með ráði Jóns erkibyskups er hann lét
síðan fram halda (ÍF XVII:48).

Þetta hafa ýmsir skilið sem svo að Jón rauði hafi samið kristinréttinn sem Árni fékk svo samþykktan á alþingi 1275; sjálfur vann erkibiskup að kristinrétti fyrir Noreg á þessum árum.

Kristinréttur Árna er varðveittur í á annað hundrað handritum, þar af er tæpur helmingur frá því fyrir siðaskipti. Aðeins Jónsbók hefur varðveist betur (kristinrétturinn er ekki hálfdrættingur á við hana) en í miðaldahandritum fylgjast þessi lög oft að. Þrátt fyrir sæg handrita — eða kannski þess vegna — er kristinréttur Árna aðeins til í ófullkomnum útgáfum. Hann hefur verið prentaður tvisvar. Fyrst í útgáfu Gríms Thorkelíns árið 1777 en síðar árið 1895 í útgáfu Gustavs Storms og Ebbes Hertzbergs.⁸ Þessar útgáfur eru ólíkar að efni og útliti. Thorkelín prentar færri kafla en hefur nokkrar greinar úr kristin-

⁶ Kirkjuordinansía Kristjáns III er prentuð í *Íslenzku fornbréfasafni* (DI X:117–328, í þýðing-um og á latínu). Nánar um ordinansíuna, aðdraganda hennar og setningu í Danmörku, sjá t.a.m. Schwarz Lausten (1987:41–57 o.v.).

⁷ Sjá þó t.a.m. Seip (1937–1940:573–627), Magnús Stefánsson (1978:150–154 o.v.), Már Jóns-son (1993:30–38 o.v.), Guðrún Ása Grímsdóttir (ÍF XVII:vi, xl, l, lxxiii, lxxviii o.v.), Lára Magnúsardóttir (2001b:204–207 o.v.). Kristinréttur Árna hefur jafnvel alveg farið framhjá sumum fræðimönnum, sbr. Lára Magnúsardóttir (2001a:243).

⁸ Sbr. *Jus ecclesiasticum novum sive Arnæanum constitutum anno Domini MDCCLXXVII. Kristinretr inn nýi edr Arna biskups*. 1777. Grímur Thorkelín gaf út. Kaupmannahöfn; *Norges gamle love*. V. 1895. Gustav Storm og Ebbe Hertzberg gáfu út. Kristjanú. Skyllt er að geta latneskrar þýðingar Árna Magnússonar, sem hann gerði á árunum 1686–1689. Hún er prentuð aftast í fyrsta bindi (786–821) *Annales ecclesiæ Danicæ diplomatici, oder Kirchen Historie des Reichs Dännemarct*. Erik Pontoppidan gaf út. Kaupmannahöfn, 1741. Þýðinguna er einnig að finna í handritinu Don. var. 1 fol. Barth. F. (V). Í greininni er ávallt vísað í útgáfu kristinréttar Árna í *Norges gamle love* (NgL V:16–56).

rétti Jóns rauða og almennum kirkjulögum í viðauka. Í útgáfu Norges gamle love eru prentaðir 46 kaflar eftir sex handritum en sé tekið mið af varðveislukristinréttar Árna í miðaldahandritum er sú kaflaskipting tæpast í samræmi við upphaflega gerð hans.

Fjalla mætti um efni kristinréttar Árna í löngu máli og draga þá fram í dagsljósið þær heimildir sem Árni biskup studdist við þá er hann tók saman — eða lét taka saman — kristinrétt sinn. Svo verður þó ekki að þessu sinni, heldur verður hér leitast við að svara eftirfarandi spurningu: Tóku lögin gildi í biskupsdæmunum báðum árið 1275 eða aðeins í Skálholtsbiskupsdæmi? Sem fyrr getur er Árna saga fáorð um lögleiðinguna en haft hefur verið fyrir satt að kristinrétturinn hafi ekki verið staðfestur formlega í Hólabiskupsdæmi fyrr en með konungsbréfi árið 1354 (*DI* III:98–99). En áður en vikið verður að kristinréttinum sjálfum verður fjallað í fáeinum orðum um þá endurskoðun laga sem Magnús konungur Hákonarson lét fara fram í ríki sínu og hlaut að launum viðurnefnið lagabætur. Sú endurskoðun náði út til Íslands með lögbókunum tveimur Járnsíðu og Jónsbók og er vikið að þeirri fyrtnefndu hér á eftir. Þá fylgir stuttur kafli um Árna Þorláksson áður en fjallað er um aðdraganda og setningu hins nýja kristinréttar; þar er einnig horft til þess hvað varðveisla í miðaldahandritum getur sagt til um upphaflega efnisskipan lagabálksins. Að lokum er valdsvið hins nýja kristinréttar kannað og leitast við að svara þeirri spurningu hvort rétt sé að gera ráð fyrir því að kristinrétturinn hafi aðeins hlotið samþykki í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1275 og ekki fyrr en 1354 í umdæmi Hóla.

2. Endurskoðun laga

2.1. Noregur

Árið 1240 lauk innanlandsófriði þeim sem staðið hafði í Noregi með hléum allt frá falli Sigurðar konungs Jórsalafara 1130. Reyndar var ríkiserfðalögum frá 1162 ætlað að binda enda á borgarastyrjöldina en friður komst ekki á fyrr en með falli Skúla Bárðarsonar og ætt Sverris konungs Sigurðssonar hlaut fullkominn sigur. Kirkjan átti undir högg að sækja á valdatíð Sverris konungs en eftir dauða hans 1202 tók smám saman að léttast til í samskiptum við konungsvaldið. Endanlegar sættir tókust svo árið 1247, þegar Vilhjálmur kardínáli af Sabína kom til Noregs, sendur af Innocentiusi IV. páfa, til að vígja Hákon Hákonarson konung. Næstu fjóra áratugi unnu kirkja og konungur saman að því að efla norska konungdæmið.

Hákon gamli Hákonarson lést í Kirkjuvogi á Orkneyjum árið 1263 í herför til að reyna að styrkja ríki sitt. Við völdum í Noregi tók Magnús sonur hans sem reyndar var krýndur konungur árið 1261. Hann lét fljótlega af þeirri stefnu föður síns að þenja út ríkið og lét Skotakonungi eftir Mön og Suðureyjar árið 1266 í skiptum fyrir yfirráðarétt yfir Orkneyjum og Hjaltlandi. Magnús hóf þessu næst að endurskoða lög í Noregi og er hann nefndur *lagabætir* í Oddaverjaannál (*Islandske Annaler*:484).⁹ Það er ekki ófyrirsynju, enda tókst honum á fáeinum árum að koma á réttareiningu í Noregi, löngu áður en slíkt náði fram að ganga t.a.m. í Danmörku eða Svíþjóð (Helle 1974:125–126, 134–135, Ólafur Lárusson 1958:200–201, Bøe 1966:231–237). Lengi hefur tíðkast að deila endurskoðun laganna á tvö tímabil og skal hér getið helstu atriða þeirrar tvískiptingar.

Á seinni hluta 13. aldar voru fjögur lögþing í Noregi. Þau elstu voru Gulaþing og Frostþing frá 10. öld, þá kom Eiðsivaþing (Upplönd) sem Ólafur helgi setti um 1021 en yngst var Borgarþing og er þess fyrst getið í heimildum árið 1224 (Bøe 1965:178). Þessi þing höfðu sérstök lög sem hafa varðveist að hluta til (*NgL* I:1–110, 121–258, Jón Jóhannesson 1958:16, 89–90, Bøe 1966:231); telja sumir að á yngri þingunum tveimur hafi sömu lög gilt að einhverju leyti (Seip 1957:149, Knudsen 1958:526). Í fyrri umferð lagaendurskoðunar Magnúsar konungs lét hann semja ný landshluta-lög og samþykkja á lögþingunum, fyrst á Gulaþingi 1267 og ári síðar fyrir Upplönd og Víkina (Eiðsiva- og Borgarþing) (Helle 1974:136). Árið 1269 voru hin nýju landshluta-lög borin upp á Frostþingi og þar mætti konungur andstöðu Jóns rauða erkibiskups í Niðarósi sem vígður hafði verið til stóls ári áður. Erkibiskup krafðist þess að endurskoðunin næði ekki til kirkjulaga en kristinréttur fylgdi báðum lögbókunum frá 1267 og 1268. Jón rauði fékk sínu framgengt en Magnús konungur hlaut samþykki „allra Frostþingsmanna at skipa sva Frostv þings bók vm alla lvti þá sem til veralldar héyra ok konvngdómsins. sem honom sýnnidiz bezt bera“ (*Islandske Annaler*:138). Reyndar kemur hvergi fram að konungur hafi fengið samþykkt sérstök Frostþingslög á þessu þingi og um það eru fræðimenn raunar ekki á eitt sáttir (Ólafur Lárusson 1958:201, 225, Björn Þorsteinsson og Sigurður Línadal 1978:41,43). Búast má við að landshluta-lögin hafi verið samræmdari að efni en hin fornu lögdæmalög en um það er flest á huldu þar sem lítið hefur varðveist af þessum lögum.

⁹ Þess ber að geta að þessi annáll er talinn skráður á seinni hluta 16. aldar en styðst nokkuð við eldri annála sem varðveist hafa (sbr. Jakob Benediktsson 1967:492–493, Jón Jóhannesson 1958:227).

Andstaða Jóns rauða erkibiskups varð ekki til þess að Magnús konungur hætti endurskoðun sinni á landslögum og á árunum 1271–1274 lét hann semja ný, sem svo voru samþykkt á lögþingunum. Lögbækurnar voru eftir sem áður kenndar við lögþingin (þ.e. Gulapingsbók, Frostapingsbók o.s.frv.). Efni þeirra var þó samhljóða nema þingfararbálkur sem hlaut að vera mismunandi fyrir hvert lögþing (Ólafur Lárusson 1958:226–227, Jón Jóhannesson 1958:20). Að viðbættum Landslögum Magnúsar lagabætis lét konungur endurskoða og samþykkja Bæjarmannalög (Bjarkeyjarrétt) árið 1276 og Hirðskrá (lög hirðarinnar) á árunum 1273–1277 (Helle 1974:136). Af þessu lagastarfi hlaut réttareining í Noregi, nema í kristinréttarmálum. Jón rauði taldi það skýlausan rétt kirkjunnar að semja kristinrétt án afskipta ríkisvaldsins; hélt Magnús konungur fast í þá skoðun að konungdómur og kirkja skyldu hafa samráð í kirkjulegri lagasetningu.

Jón rauði var vígður erkibiskup í Niðarósi árið 1268 og gegndi embætti til 1282, þegar hann lést í útlegð í Svíþjóð. Hann barðist ötullega fyrir réttindum norsku kirkjunnar, s.s. lagasetningar- og dómsvaldi í kristinréttarmálum, og má heita helsti málsvari klerkastéttarinnar fyrir stefnu alþjóðakirkjunnar í heimalandinu. Jón tók fljótlega eftir heimkomu úr vígsluför til við að rétta hlut kirkjunnar. Fyrsta sigur í þeirri baráttu vann hann á Frostþingi 1269, svo sem fyrr var nefnt, þegar hann kom í veg fyrir að konungur fengi að endurskoða kristinrétt hinna fornu Frostapingslaga. Hóf erkibiskup sjálfur að taka saman nýjan kristinrétt reistan á almennum lögum kirkjunnar, kanónískum rétti, en þann kristinrétt viðurkenndi Magnús Hákonarson aldrei (Helle 1974:137–138).¹⁰ Á valdatíð Magnúsar naut kirkjan í Noregi þó meiri velvildar en áður og var konungi umhugað um að halda frið í ríki sínu.

Árið 1272 sendi Gregorius X. páfi út boð um almennt kirkjuþing í Lyon sem haldið skyldi 1274. Þessu boði fylgdi páfabréf með tilmælum um að Jón rauði hefði með sér á kirkjuþingið samantekt um þau mál er þörfnuðust úrlausnar í erkibiskupsdæmi Niðaróss. Bréfið nýtti erkibiskup sér til þess að ná fram lausn í deilum kirkju og konungsvalds. Afraksturinn var sættargerð milli erkibiskups og konungs um takmörkun andlegs og veraldlegs valds (*DI* II: 100–106, *NgL* III:455–462). Samningurinn var gerður á höfðingjafundi í Björgvin og þar viðurkenndi konungur m.a. dómsvald kirkjunnar í klerka- og kristinréttarmálum og frjálsan kosningarétt um klerkleg embætti. Í staðinn gaf Jón rauði eftir kröfur um íhlutunarrétt í konungskjöri sem kirkjan hafði öðlast

¹⁰ Kristinréttur Jóns rauða er prentaður í öðru bindi *Norges gamle love* eftir sjö handritum en þar er AM 65 4to lagt til grundvallar (*NgL* II:340–386).

á valdatíð Magnúsar Erlingssonar en konungsvaldið raunar aldrei viðurkennt (Magnús Stefánsson 1978:138, Helle 1974:138–139, Jón Jóhannesson 1958:90).

Sættargerðin frá 1273 þurfti staðfestingu páfa til að öðlast gildi en á kirkjuþinginu í Lyon ári síðar batt páfi samþykkt sína ýmsum skilyrðum sem konungur gat ekki gengið að. Varð niðurstaðan sú að erkibiskup og konungur gerðu með sér nýjan samning árið 1277 á höfðingjafundi í Túnsbergi (*DI* II:139–155, *NgL* III:462–477). Sú sættargerð var í flestum tilvikum samhljóða þeirri fyrri frá 1273 en nú var ekki leitað samþykkis páfa, heldur tók samningurinn samstundis gildi. Með sættargerðinni í Túnsbergi voru ýmis réttindi sem kirkjan hafði barist fyrir endanlega viðurkennd. Er þar helst að nefna dómsvald í klerka- og kristinréttarmálum, skattfrelsi kirkjunnar manna og ýmissa leikmanna í þjónustu kirkjunnar, frjálstan kosningarétt um kirkjuleg embætti og að erkibiskup og biskupar skyldu skipa klerka við kapellur konungs. Ýmis af þessum réttindum voru forn en höfðu fram að þessu aldrei hlotið opinbera staðfestingu. Það er því ekkert efamál að kirkjunni var hagar að sættargerðinni. Hún má þó varla kallast stórfelldur sigur kirkjuvaldsins eins og mönnum hætti til að kalla hana áður (Jón Jóhannesson 1958:90), enda var löggjafarvald kirkjunnar í kristinréttarmálum ekki viðurkennt. Um þetta atriði náðist ekki samkomulag milli Jóns rauða og Magnúsar konungs áður en sá síðarnefndi lést hinn 9. maí 1280. Enginn vafi leikur þó á að Jón rauði taldi kirkjuna óefað hafa sjálfstætt löggjafarvald í málum sem hana vörðuðu og fylgdi kirkjan einhliða kristinrétti erkibiskups eftir sættargerðina í Túnsbergi (Magnús Stefánsson 1978:170–171, Helle 1974:139–141). Við fráfall Magnúsar urðu hins vegar mikil umskipti. Nýir valdhafar fylgdu annarri stefnu í samskiptum við kirkjuna og beið hún skjótt ósigur.

2.2. Járnsíða

Endurskoðun Magnúsar konungs á norskum lögum náði til Íslands þar sem Íslendingar höfðu gerst þegnar Noregskonungs með samþykkt Gamla sáttmála á árunum 1262–1264. Reyndar er þess hvergi getið í heimildum að Íslendingar hafi gefið Magnúsi lagabæti leyfi til að endurskoða lög landsins líkt og Þrændir gerðu á Frostapingi 1269. Í annarri grein Gamla sáttmála segir: „Hier j mot skal konungr lata oss naa fridi og jslenskum laugum“ (*DI* I:620). Þetta ákvæði hafa flestir skilið þannig að Íslendingar hafi áskilið sér aðild að löggjafarvaldi með konungi:

Með þessu ætluðu landsmenn að tryggja sér það fyrst og fremst, að hér yrði ekki dæmt eftir öðrum lögum en íslenskum, þ.e. löglega settum lögum handa Íslandi. En í þessum fyrirmælum getur líka falizt fyrirvari um það, að hér megi eigi önnur lög gilda en þau, sem landsmenn sjálfir samþykkja (Einar Arnórsson 1945:328).¹¹

Gunnar Karlsson (1991:53, 73–74) hefur dregið þetta í efa og telur að ákvæðið þýði ekki annað en að konungur skuldbindi sig til að halda uppi lögum og reglu á landinu; að dæmt skuli eftir gildandi lögum á Íslandi án þess að ákveðnar reglur hafi gilt um stjórnskipulega stöðu landsins eða löggjafarvald.

Frá samþykkt Gamla sáttmála og fram að lögtöku Járnsíðu er lítið vitað um stjórnskipun landsins en gera verður ráð fyrir að Grágás hafi gilt þar til ný lög leystu hana af hólmi. Frumkvæði að ritun Járnsíðu kom frá konungsveldinu; studdist hún að mestu við norsk lög og giskaði Ólafur Lárusson á að aðalheimildin væri annað hvort Gulapingslögin frá 1267 eða Frostapingslögin frá 1269 en í 24 köflum af 141 í bókinni væri efni sótt í Grágás (1958:203, 1923:7–8). Járnsíða tilheyrir því fyrra tímabili endurskoðunar laga í Noregi (1267–1269). Réttareining sú sem var að skapast í Noregi á þessum tíma náði ekki til Íslands því að Járnsíða er talin ólík landshlutalögnum að mörgu leyti (Magnús Már Lárusson 1962:567).

Nafnið Járnsíða kemur fyrir í Resensannál en Lögmansannál getur þess að út hafi komið norræn lög (*Íslandske Annaler*:28, 259).¹² Árna saga greinir svo frá:

Á þessu sumri sendi virðuligr herra Magnús konungur til Íslands Þorvarð Þórarinsson ok Eindriða böggul, hirðmann sinn, þar með Sturlu Þórðarson með lögbók norræna (*ÍF* XVII:27).

Hvorki er getið í sögunni né í annálum um höfund Járnsíðu en í Guðmundar sögu eftir Arngrím ábóta Brandsson segir að Magnús lagabætur hafi látið rita bókina eftir „ráði ok tillögu“ Sturlu Þórðarsonar (*Biskupa sögur* II:162).

Það væri ofsögum sagt að Íslendingar hafi tekið Járnsíðu vel en ekki er getið viðlíka flokkadrátta og á alþingi 1281 (þ.e.a.s. hóparnir þrír: biskup og

¹¹ Sjá rækilega greinargerð fyrir þessari söguskoðun hjá Gunnari Karlssyni (1991:53–58).

¹² Aðrir annálar geta aðeins um „lögbók“ án þess að nefna hana Járnsíðu eða kenna sérstaklega við norræn lög (*Íslandske Annaler*:49, 68, 138, 331).

klerkar, handgengir menn og bændur).¹³ Lögbókin var lögð fram á alþingi sumarið 1271 og var aðeins „játat þingfararbælki ok tveimur kapítulum ór erfðabælki; um festarkonu börn ok um arfleiðing ok þengildi um allt land, en eigi fleira.“ Þetta sama ár stóð Skálholtsbiskup í stappi við andstæðinga sína í fyrri lotu staðamála hinna síðari (sjá hér að neðan); ritaði Árni þá Magnúsi konungi lagabæti og óskaði fulltingis hans í deilum við leika höfðingja. Konungur tók erindi biskups vel og hét stuðningi sínum fengist Árni til að vinna hinum nýju lögum brautargengi. Það gerði biskup og á þingi árið 1272 var „lögtekin öll bók sú er konungrinn hafði utan sent nema erfðabálkr var eigi lögtekin nema tveir kapítular er hit fyrra sumarit var játat“ (*ÍF* XVII:27, 29, 43). Rúmu ári síðar (11. nóvember 1273) var erfðabálki Járnsíðu loks játað.¹⁴ Þá hafði gengið dómur í staðamálum á höfðingjafundi í Björgvin sem lægði öldurnar um hríð.

3. Árni biskup Þorláksson

Árni Þorláksson var fæddur árið 1237, sonur Þorláks Guðmundssonar og Halldóru Ormsdóttur í Holtum. Foreldrar hans voru lítt efnum búnir en Árni var stórættaður. Hann rakti kyn sitt aftur til Síðu-Halls Þorsteinssonar sem af voru komnir lærdómsmennirnir Sæmundur fróði Sigfússon og Ari fróði Þorgilsson, auk biskupanna Jóns Ögmundarsonar og Magnúsar Einarssonar. Langafi Árna var Jón Loftsson í Odda, faðir Páls Jónssonar Skálholtsbiskups og mesti höfðingi landsins á sinni tíð (*ÍF* XVII:xii, 3–4).

Árni var fyrstu árin með föður sínum en komst snemma í læri hjá Brandi Jónssyni ábóta Ágústínusarklaustursins í Pykkvabæ. Hann var vel lærður á kirkjunnar lög (s.s. algengt var meðal munkareglunnar), mikilhæfur þýðandi og bar oft sáttarorð á milli þeirra sem deildu í ófriði Sturlungaaldar.¹⁵ Brandur

¹³ Elsta handrit Járnsíðu er Staðarhólsbók, AM 334 fol, annað aðalhandrit Grágásarlaganna. Þar er eyða í textanum sem ekki verður fyllt því að aðrar uppskriftir Járnsíðu eru runnar frá Staðarhólsbók (eftir að blöðin glötuðust) nema hugsanlega AM 125 4to sem varðveitir útdrátt úr lögbókinni (*ÍF* XVII:27 nm., Jón Helgason 1958:20).

¹⁴ Sjá einnig frásögn annála af þessum atburðum (*Íslandske Annaler*:29, 49, 68, 138–139, 331). Frásögn Konungs- og Fornmannáls líkist mest þeirri í Árna sögu en aðrir annálar eru fáorðari. Í Gottskálksannál segir t.a.m. aðeins við árið 1272: „laga skipti aa Íslandi.“

¹⁵ Brandur ábóti þýddi m.a. Alexanders sögu og er enn fremur talinn líklegur þýðandi Gyðinga sögu. Um Brand, sjá t.a.m. *Íslenzkt fornbréfasafn* (DI I:519–522), Tryggvi Þórhallsson (1923: 46–64). Annar ágætur lærdómsmaður tengdur Árna biskupi vinarböndum var Grímur Hólmsteinsson prestur í Kirkjubæ. Hann setti saman Jóns sögu baptista einhvern tímann á árunum 1264–1298. Þar er mjög talið á höfðingja sem fara með leikmannavald. Sveinbjörn Rafnsson

var áhrifamesti klerkur landsins á sinni tíð og lærifaðir þeirra þriggja manna sem hófu réttindabaráttu kirkjunnar á loft seint á 13. öld: Árna Þorlákssonar, Runólfs Sigmundarsonar ábóta í Verum og Jörundar Þorsteinssonar Hólabiskups. Árna saga greinir frá vitnisburði Brands um þremmenningana; kveðst hann aldrei hafa haft eins minnugan lærisvein og Jörund, engan svo kostgæfinn og sem legði jafn góðan hug á nám sitt sem Runólf en til Árna „talaði hann svá at hann skildi þá marga hluti af guðligum ritningum er hann þóttiz varla sjá hví svá mátti verða“ (*ÍF* XVII:7).

Brandur var vígður Hólabiskup árið 1263. Árni fór með ábóta í vígsluförina til Noregs, þá djákn að vígslu; tókust kærleikar með honum og Magnúsi konungi lagabæti er héldust meðan báðir lifðu (*ÍF* XVII:8). Brandur lést ári síðar. Tók Árni þá við staðarforráðum á Hólum og hlaut enn fremur prest-vígslu skömmu síðar. Hákon erkibiskup í Noregi vígði Jörund Þorsteinsson Hólabiskup árið 1267 og fluttist þá Árni í Skálholt. Þar gerðist hann trúnaðar- og aðstoðarmaður Sigvarðar biskups Þéttmarssonar sem kominn var að fótum fram fyrir elli sakir. Sigvarður lést 1268 og var Árni vígður eftirmaður hans í Skálholti af Jóni rauða erkibiskupi í Niðarósi hinn 30. júní 1269 (*ÍF* XVII:9–13).

Árni átti í deilum við veraldlega höfðingja á biskupstíð sinni í svonefndum staðamálum síðari eins og áður var vikið að. Hér er ekki í ráðum að rekja staðadeilur Árna og leikra höfðingja, nema þær fléttist saman við sögu kristinréttarins. Verður þá vikið að þeim þegar svo ber undir. Þó ber að nefna að þessum deilum er gjarnan skipt í tvær lotur (1269–1273 og 1280–1289) og segja má að deilur Árna biskups við íslenska höfðingja eigi það sammerkt, hvort sem þær snerust um staðakröfur, skattfrelsi kirkjunnar manna, einlífi klerka eða lagasetningu og dómsvald kirkjunnar, að þær voru háðar í skjóli kirkjulaga. Höfundur Árna sögu velkist aldrei í vafa um að biskupinn krafðist aðeins löglegra réttinda heilagrar kirkju — hann hafði m.ö.o. lögin sín megin en leikmenn ógnarmál (*ÍF* XVII:59–60, sbr. xxxiii). Almenn kirkjulög fóru hins vegar oft fjarri hugsunarhætti leikra manna úti á Íslandi á seinni hluta 13. aldar — og jafnvel lengur. Þeir báru jafnan fyrir sig fornan landsskið og töldu sig ekki ná fram lögum fyrir ofríki biskups (*ÍF* XVII:10–11, 127–128 o.v., sbr. Sig-

(1996:74–75) hefur þó þrengt líklegan ritunartíma til árunna 1284–1295 og sett efni sögunnar í samhengi við staðadeilur Árna og leikra höfðingja úti á Íslandi. Í sögunni útskýrir Jóhannes skírari atriði úr kanónískum rétti „og er þetta heimfært að því er virðist upp á íslenskt samfélag í lok 13. aldar.“ Um Jóns sögu baptista hefur Sverrir Tómasson einnig fjallað (1992b:447–451).

urður Líndal 1997:253). Eftir siðbreytingu hlaut málstaður höfðingja samúð sem lýsir sér best í orðum Páls Vídalíns (1854:292); taldi hann víst að

alt fastagóz þessa lands hefði lagt undir *clercum pontificium*, ef ei hefði guð uppvakið Rafn Oddsson [oddvita staðamanna] til að mótstanda óslökkvandi ágirnd og óseðjanlegri metorðagirnd Árna biskups.

Svipuð afstaða ríkti í garð Árna í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og urðu fáir til að ljúka lofsorði á biskupinn. Þá var enda kirkjuvaldsstefnan illa þokkuð og talin ganga gegn sjálfstæði landsins. „Ofríki og yfirgangur biskupanna byrjaði þar með Þorláki Þórhallssyni (1170), og magnaðist undir Árna Þorlákssyni frá 1269, og einkum eptir það hann gaf út kristinrjett sinn“, skrifuðu Fjölnismenn um miðja 19. öldina (*Fjölnir* 1844:6–7). Þeir sögðu Árna jafnframt hafa varið ævinni í að efla prestaveldið með vitsmunum, harðfylgi og ófyrirlátsemi.¹⁶ Þorkell Bjarnason prestur á Reynivöllum var sammála Fjölnismönnum en kallaði Árna biskup þó einn hinn merkasta mann á Norðurlöndum á sinni tíð (1878:9).

Helsti bakhjarl Árna í deilunum úti á Íslandi var Jón rauði erkibiskup í Niðarósi. Sem fyrr getur barðist hann ötullega fyrir réttindum norsku kirkjunnar og var skeleggasti málsvari kirkjuvaldsstefnunnar (*Libertas ecclesiae*) á Norðurlöndum. Með stuðningi Jóns hlaut Árni sigur í ýmsum málum en skórin tók að kreppa að eftir að erkibiskup gerðist landflótti og lést í útlegð árið 1282. Á meðan erkibiskupslaust var í Noregi þæfði Árni staðamál og deilur uns Jörundur erkibiskup (vígður í embætti 1288) bauð árið 1289 allar kirkjur og eignir þeirra aftur heimtar undir Skálholtsbiskup og kallaði Árna „lögligan dómanda allra afbrota í sínu byskupsríki“ (*ÍF* XVII:192). Staðamálum Árna Þorlákssonar lauk svo með sættargerðinni í Ögvaldsnesi 2. maí 1297. Þá sættist konungur á það með ráði erkibiskups

at þeir stadir i skalaholltz biskupsdømi. sem kirkiur eigu allar. skulo uera undir biskups forrædi. en þær sem leikmenn eigu halfar edr meir skulo leikmenn hallda med þuilikum kennimanna skyllidum sem sa hefir skilt er gaf. enn luka af ecki framar (*DI* II:324).

¹⁶ Tímann frá lokum 13. aldar og fram að siðaskiptum kalla þeir Fjölnismenn „gullöld prestanna“ (*Fjölnir* 1844:11).

Hvergi er þó minnst á þá staði sem kirkjan átti að hálfu eða meira. Árni Þorláksson naut sættarinnar ekki lengi því hann lést 17. apríl 1298 í Noregi. Hann var jarðaður að Munklífi sem var Benediktínaklaustur í Björgvin (*ÍF* XVII:246, Páll Eggert Ólason 1948:76).

4. Aðdragandi og setning kristinréttar Árna 1275

Þegar Árni hafði tekið vígslu af Jóni rauða í Niðarósi og bjó sig til heimferðar veitti erkibiskup honum að vinargjöf kirkjulagasafn með skýringum, *de-cretales cum apparatu* (*ÍF* XVII:13).¹⁷ Sigurður Líndal (1997:254) hefur slegið því föstu að hér sé um að ræða *Liber extra* frá 1234 og hugsanlega einnig *Decretum Gratiani*.¹⁸ Árni kom svo út haustið 1269 með bréfum erki-biskups og flutti Íslendingum þegar boðskap Jóns rauða:

At allir menn knéfalli með upphaldandi höndum þann tíma í messunni er haldit er upp holdi ok blóði várs herra ok svá þá er borit er til sjúkra manna.

¹⁷ Til eru fleiri dæmi um gjafir af þessu tagi: Eilífur erkibiskup gaf árið 1328 séra Agli Eyjólfssyni, sendimanni Lárentíusar biskups, kirkjulögbók þá er Tancredus hét (kennd við læri-meistarann Tancredus frá Bologna). Hefur því erkibiskupum í Niðarósi sýnilega verið umhugað um kirkjulagaþekkingu íslenskra klerka (sbr. *ÍF* XVII:13 nm., 423).

¹⁸ Um 1140 steypiti munkurinn Gratianus saman í eina skrá miklu safni páfaskipana, samþykktu kirkjuþinga og kennisetninga kirkjuféðranna. Hann reyndi að samræma reglur kirkjunnar, enda ekki vanþörf á. Ritið, sem jafnan er nefnt *Decretum Gratiani*, fékk aldrei staðfestingu sem lögbók, enda var það upphaflegur tilgangur Gratianusar að taka saman eins konar kennslu- og handbók í kirkjurétti. Þar er að finna tilvitnanir í páfabréf, samþykktir kirkjuþinga og ýmis rit kirkjuféðranna. Smám saman eflidist kirkjan og árið 1234 gaf Gregorius IX. páfi út *Liber extra* (Viðaukabókina) sem er safn skipana sem settar voru eftir að *Decretum Gratiani* birtist og var tekin saman af kirkjuréttarfræðingnum Raymond frá Pennaforte. Páfi sendi bókina með bréfinu *Rex pacificus* til háskólanna í Bologna og París með þeim tilmælum að hún skyldi nú lögð til grundvallar í framkvæmd og fræðum en með *Liber extra* eignaðist kirkjan fyrstu formlega staðfestu lögbók sína. Árið 1298 var *Liber sextus* aukið við þetta safn að frumkvæði Bonifaciusar VIII páfa og loks kom út árið 1317 tilskipunasafnið *Clementinae*. Um 1580 fengu svo þessi lagaverk heitið *Corpus juris canonici* og er það safn hliðstætt hinu veraldlega lagasafni *Corpus juris civilis* sem myndað var úr rómverskum lögum á tíð Justini-anusar keisara (527–565). Tímabil 12. og 13. aldarinnar má því heita eitt mesta framfararskeið kirkjunnar og stóðu kirkjuréttarfræðingar rýnendum veraldlegs réttar mjög jafnfætis allt frá seinni hluta 13. aldar (sjá t.a.m. Sigurður Líndal (1997:247, 251–253, 1978:8, 14), Reynolds (1986:395–413), Chodorow (1986:413–417, 1984:122–130), Brundage (1995: 44–69), Pennington (1992:333–334, 342–346).

Svá ok at engi maðr festi sér mey eðr konu til eiginorðs áðr en lýst væri í kirkju þrim sinnum.

Svá ok at frillumenn skulu fyrirbjóðaz at taka Krists líkama at páskum utan þeir festi frillur sínar til eiginorðs eðr skilji við þær fullkomliga.

Svá ok at allir staðir ok tíundir skyldi gefaz í byskups vald.

Svá ok at enginn skyldi byggja dautt fé á leigu (*ÍF* XVII:16–17).¹⁹

Af Árna sögu að dæma tóku landsmenn fyrstu þremur greinunum vel en seinlega þeim er vörðuðu staðamál og okur. Biskup gerði þegar tilkall til staða í Sunnlendingafjórðungi og fékk forræði yfir minni kirkjum en ábúendur stærri staða voru fastari fyrir. Fljótlega kastaðist í kekki með Árna og Steinvararsonum í Odda sem neituðu að verða við kröfum biskups og kölluðu jörðina kaupaland. Biskup krafðist þá dóms alþingis í málinu sem féll honum í vil; var Oddi þar dæmdur „kirkju eign ok svá þar með slíkar eignir sem henni báruz“ (*ÍF* XVII:18). Á sama þingi krafðist biskup staðar í Hítardal og bjóst til að bannsetja ábúandann, Ketil Loftsson, þegar hann neitaði að gefa staðinn upp. Fór svo að Ketill samþykkti að lokum að reiða af hendi fé staðarins en skaut um leið málinu „á konungs dóm, en byskup jáði því ef hann yrði samþykkir erkibyskupi“ (*ÍF* XVII:19). Þegar til kastanna kom þvertók Ketill fyrir að láta Hítardal af hendi og hlaut að launum bannsöng biskups. Samkomulag tókst að lokum og sór Ketill af sér staðinn og hét að kalla ekki eign sína fram-
ar nema konungur og erkibiskup dæmdu svo. Steinvararsynir sömdu einnig við Árna: Biskup skyldi þola staðarhald bræðranna uns dómur gengi í málinu en þeir tregðalaust uppgefa staðinn ef sá úrskurður kæmi af hendi konungs og erkibiskups „ad biskup ætte þeirra kyrckiu ad rada og hennar fie“ (*DI* II, 92).

Þessir samningar voru gerðir vorið 1271. Sumarið áður hafði biskup riðið um Austfirðingafjórðung og víða verið játað stöðum, rétt eins og forvera hans Þorláki Þórhallssyni tæpri öld fyrr (*Byskupa sögur* 2:248–250). Sá var þó munurinn á að Árni fól klerkum varðveislu staðanna í stað þess að fá höfðingjum þá að léni eins og Þorlákur hafði gert (Magnús Stefánsson 1978:130). Við svo búið sigldu Árni biskup og andstæðingar hans í staðamálum til Nor-
egs til að hlíta úrskurði konungs og erkibiskups. Eins og fyrr getur féll dóm-

¹⁹ Þrjár fyrstu greinarnar er að finna í skipun eignaðri Árna Þorlákssyni í *Íslenzku fornbréfasafni* og er hún þar tímasett í september 1269 (*DI* II:24, 26–27). Tvær síðustu eru úr almennum kirkjulögum (*DI* II:52–55, 56–58). Þessi boðskapur er að miklu leyti tekinn upp í kristinrétt Árna (sjá *NgL* V:23, 33–38, 53–54).

urinn biskupi í vil þegar Jón rauði dæmdi hinn 24. júlí 1273 Oddastað og Ólafskirkju í Vatnsfirði „undir Árna byskup í Skálaholti ok hans lögliga eptirkomendr, honum ok þeim eilífliga fyrir at ráða“ (*ÍF* XVII:41). Lýkur hér fyrir lotu staðamála.

Vegna málsins dvaldi Árni veturinn 1272–1273 í Noregi; sótti hann jafnan fundi með Jóni rauða og voru þar einkanlega rædd kirknamál á Íslandi. Kemur að því að þeir ræða setningu nýs kristinréttar en handritum Árna sögu ber ekki saman í frásögn af þeim viðburði.²⁰ Í uppskriftum Reykjarfjarðarbókar segir:

Ok þegar Jón erkibyskup vissi hans girnd lét hann upp fyrir honum allan sinn vilja svá at hann bannaði leikmönnum lög at segja um kristin rétt. Gjörðu þeir svá meðan þeir lifðu (*ÍF* XVII:31–32).

Í AM 220 VI fol er þessi frásögn nákvæmari:

Árni byskup vissi ok at Jón erkibyskup ætlaði nýjan kristin rétt at skipa, sem hann gerði, ok hann hafði boðit honum með þeim hætti fram at fara á Íslandi sem hann fór fram í Nóregi. Girntiz hann ok af sjálfum erkibyskupi at heyra hvat <hann> vildi nýta láta ór hinum forna kristnum rétti á Íslandi eða hvat hann vildi ór láta eða eptir hverjum bókum þat skyldi saman setja sem í varð at leggja. Ok þegar er erkibyskup vissi hans girnd, lét hann uppi fyrir honum allan sinn vilja, svá ok at hann bannaði leikmönnum at segja lög um kristin rétt. Gerðu þeir svá meðan þeir lifðu (*ÍF* XVII:31–32).

Í AM 220 VI fol er frumkvæði að setningu kristinréttar Árna eignað Jóni rauða. Það er reyndar gert víðar því að kristinréttur Árna í AM 350 fol, Skarðsbók Jónsbókar, hefst á þessum orðum: „her býriar upp hinn nýia cristins doms rett þann er herra ion erch(*ibyskup*) saman setti ok lögtekinn er vm skalh(*olts*)

²⁰ Árna saga er varðveitt í 40 handritum og handritabrotum. Pennan fjölda handrita má rekja til þess að sagan var tekin upp í annað aðalhandrit Sturlungusafnsins, Reykjarfjarðarbók (AM 122b fol). Þorleifur Hauksson (*Árna saga biskups*:vii) telur líklegt „að þessi aðalheimild um sögu Íslands á síðara hluta 13. aldar væri nærri glötuð með öllu, ef ritari R[eykjarfjarðarbókar] hefði látið hjá líða að skrifa hana upp.“ Aðeins eru varðveitt þrjú skinnblöð úr Reykjarfjarðarbók og tvö úr AM 220 VI fol. Þær uppskriftir Árna sögu sem varðveittar eru nú eru hins vegar allar runnar frá Reykjarfjarðarbók, gerðar skömmu fyrir miðja 17. öld á meðan bókin var heilli en nú (*ÍF* XVII:v, lii–lvi).

biskups dæmi“ (bl. 107va).²¹ Þetta varð m.a. til þess að kristinréttur Árna var áður fyrr eignaður, ýmist að hluta til eða að öllu leyti, Jóni rauða.²²

Vart þarf að fjölyrða um að kristinna laga þáttur var á méli Árna Þorlákssonar (og reyndar nokkru fyrr) orðinn úreltur. Þar var engin hjúskaparlöggjöf og annað samræmdist illa almennum lögum kirkjunnar; biskup hafði t.a.m. ekki forræði yfir kirkjum og eignum þeirra eins og gert var ráð fyrir í almennum lögum kirkjunnar (*DI* II:52–55).²³ Þá hefur kristindómsbálkur Járnsíðu tæpast átt að leysa kristinna laga þátt af hólmi, enda er hann stuttur og að stórum hluta norsk ríkiserfðalög (*Járnsíða*:10–18). Það þarf því ekki að koma á óvart að Árni, sá mikli kirkjulagafræðingur og fylgismaður kirkjuvaldsstefnunnar, hafi viljað endurskoða (eða semja frá grunni) kirkjulög Íslendinga.

Í 2. bindi *Íslenzks fornbréfasafns* er nokkuð af skipunum eignuðum Árna Þorlákssyni. Flestar eru þær heimfærðar til ársins 1269 — ýmist eftir Árna sögu (með mismiklum rökum) eða þá því „annað var ekki vísara“ (*DI* II:42, sjá skipanirnar bls. 23 o.áfr.). Erfitt er að skera nákvæmlega úr um aldur skipananna eða hafna tímasetningu Jóns Þorkelssonar en getið um statútugerð Árna í sögu hans (*ÍF* XVII:23–25 o.v.).²⁴ Skipanirnar eru flestar varðveittar í ungum handritum en Jakob Benediktsson (1972:71) hefur stungið upp á því að þær tengdust undirbúningi kristinréttarins og þá er tímasetningin að minnsta kosti ekki fjarri lagi.²⁵

Veturinn 1273–1274 setti Árni „fullkomliga saman kristindómsbálk með

²¹ Thorkelín (*JusEccl*:1) prentar þessa setningu í upphafi útgáfu sinnar.

²² Páll Vídalín (1854:491) kallar hann t.a.m. kristinrétt „þeirra Jóns erkibiskups og Staða-Árna“.

²³ Þar eru prentaðar nokkrar greinar úr kirkjulögum um rétt yfir kirkjum og eignum þeirra. Jón Sigurðsson taldi þær efalaust vera frá tíma Árna Þorlákssonar (sbr. *DI* II:52).

²⁴ Þó verður ekki undan því vikist að draga í efa tímasetningu í *Íslenzku fornbréfasafni* á skjali nr. 15: „Skipan Árna biskups Þorlákssonar eða samþykkt lærðra manna um ýmislegt í kirkjulögnum.“ Jón Sigurðsson taldi í athugasemd við skrána að líklegast væri um að ræða einhvers konar ágrip úr kristinrétti, enda er efnið allt runnið þaðan. Jóni Þorkelssyni fannst þetta hins vegar allt eins geta verið úr statútu sem nú væri að öðru leyti týnd og heimfærði hana til ársins 1269. Fyrir þessu eru engar heimildir. Þvert á móti ber kristinréttinn fyrst á góma í Árna sögu veturinn 1272–1273 og þá heimild notar Jón Þorkelsson yfirleitt til að tímasetja aðrar skipanir eignaðar Árna Þorlákssyni (sbr. *DI* II:58, skráin er prentuð á bls. 58–61).

²⁵ Lára Magnúsdóttir (1998:212) telur bæði skipanirnar og kristinréttinn standa í beinu samhengi við þróun kanóníks réttar hér á landi. Skipanirnar eru meðal annars varðveittar í AM 344 fol, AM 350 fol, AM 351 fol, AM 354 fol, AM 135 4to, AM 138 4to, AM 148 4to, AM 151 4to, AM 173 d C 1 4to, AM 174 I c 4to, AM 175 a 4to, AM 671 b 4to, AM 687 a 4to, AM 687 c I–II 4to, AM 688 b 4to, AM 42 a 8vo, AM 48 8vo og AM 456 12mo (sjá Magnús Lyngdal Magnússon 2002:232). Þær eru stundum eignaðar Árna í handritum og stundum ekki. Þessar skipanir varða að nokkru hin sjö sakramenti káþólsku kirkjunnar eins og Sigurður Líndal (1974:279–283) hefur gert ágæta grein fyrir.

ráði Jóns erkibyskups er hann lét síðan fram halda“ og í 32. kafla Árna sögu segir frá samþykkt hans á alþingi:

Þetta sumar [1275] reið virðuligr herra Árni byskup til alþingis ok með hans flutningi var lögtekinn hinn nýi kristindómsbálkr utan fá capitula þá sem menn vildu eigi samþykkja fyrrum, en herra Magnús konungr ok Jón erkibyskup gjörði þat statt hversu þau skyldi standa svá sem þeir vóru beðnir af almúganum (*ÍF* XVII:48, 49).

Þetta segir fjarska lítið annað en að Árni hafi á alþingi talað fyrir setningu kristinréttar sem hlaut samþykki að mestu leyti. Hér greinir hvorki frá valdsviði laganna (hvort kristinrétturinn gildi um allt land eða aðeins í Skálholtsbiskupsdæmi) né heldur hvaða kaflar það voru sem fengust ekki samþykktir. Áður en vikið er að ráðasviði kristinréttarins þykir vel hlýða að athuga efnisskipan hans nánar og kanna þannig hvort hún geti sagt eitthvað til um upphaflega gerð hans.

5. Efni kristinréttar Árna

Kristinrétti Árna, eins og hann birtist í AM 49 8vo (Magnús Lyngdal Magnússon 2002:148–193), má skipta í nokkra efnishluta.²⁶ Er sú leið valin hér að telja þá níu:

- I. (1.–7. kafli) — kristindómsbálkur Járnsíðu.
- II. (8.–10. kafli) — Ákvæði um barnsskír, faðerni og fermingu; forsendur þess að komast í kristið samfélag.
- III. (11.–15. kafli) — Vald biskups, kirkjur og kirkjubyggingar, eignir kirkna, klaustra og klerka, þyrmsl klerka og kirkjugrið.
- IV. (16.–22. kafli) — Erfðaskrá og reglur varðandi hana, heit og ölmusur, tíundargjörð og tíundargreiðsla.
- V. (23.–28. kafli) — Hjúskaparlöggjöf.
- VI. (29.–30. kafli) — Skriftrof og eiðrof, meinsæri.
- VII. (31.–39. kafli) — Helgidagahald, ósóknardagar, föstur, undanþágúákvæði helgidaga, skriftagangur, hvaða dýr má leggja sér til munns.

²⁶ Magnús Stefánsson (1978:151–153, 254) gerir slíkt hið sama. Hér er að hluta til stuðst við skiptingu hans en þess ber að geta að Magnús fylgir þeirri gerð kristinréttar Árna sem prentuð er í *Norges gamle love* (NgL V:16–56).

- VIII. (40.–42. kafli) — Eiðar, dómsvald kirkjunnar og okur.
IX. (43.–46. kafli) — Kaflar úr almennum kirkjulögum sem eru í lausum tengslum við kristinrétt Árna og teknir upp í örfáum handritum.

Hlutarnir eru nokkuð skýrt afmarkaðir en vafi leikur á hvort fyrsti hlutinn og þeir tveir síðustu geti talist til upphaflegs kristinréttar Árna; taldi Jón Sigurðsson slíkt ólíklegt. Hann segir meðal annars um efni handritsins AM 346 fol:

1) brot úr Járnsíðu, sem er konúngseiðr, lendra manna og bænda, og hefir þessi bók verið ein af þeim, sem hefir haft upphaf Járnsíðu sem inngang til Kristinréttar Árna biskups, og munu slík handrit vera upp komin á árunum 1271–1280. Hér fylgir þá einnig: 2) Kristinréttir Árna biskups, og er þar upphafsstafr ekki stærri en við kapitula skipti, en með allnýrri hendi er hér rituð kapitulatala á spáziu, og eru hér taldir 34 kapitular í þessum Kristinrétti (*DI* I:99).²⁷

Annars staðar í *Íslenzku fornbréfasafni* giskaði Jón á að kristinrétturinn hefði aldrei verið í fleiri en 35 köflum (þ.e. II.–VIII. hluti) og jafnvel aðeins í 32 (þ.e. II.–VII. hluti) (*DI* I:432 nm, 441–442). Grímur Thorkelín var sama sinnis í útgáfu sinni frá 1777. Þar prentar hann kristinrétt Árna í 35 köflum. Að auki birtir hann 12 kafla í viðauka sem greinar úr almennum kirkjulögum (*JusEccl*: 4–211).²⁸ Árni Magnússon virðist hafa verið sammála þessu. Latnesk þýðing hans á kristinrétti Árna biskups í handritinu Don var 1 fol Barth. F (V) er í 35 köflum (*AnnEccl*:786–821). AM 182 a 4to og AM 182 b 4to, pappírshandrit frá því um 1700, varðveita enn fremur kristinrétt Árna biskups. Þessi handrit hafa líklega bæði verið skrifuð undir tilsjá Árna Magnússonar og síðar verið lesin saman (collationeret) við aðra texta kristinréttar eftir fyrir mælum hans. Á 182 a er kristinrétturinn í 35 köflum en í 39 á 182 b. Við síðustu kaflana á 182 b eru þó ýmsar athugasemdir með hendi Árna Magnússonar sem benda til þess að hann hafi ekki talið efni þeirra heyra til kristinréttar Árna biskups. Við 38. kafla á handritinu skrifar Árni t.a.m. á spássiú: „Þefse Cap: ftendr i Skards Membrana [AM 350 fol] absolute og ä hvergi við“ (bl. 40v, sbr. Magnús

²⁷ Svipaðar athugasemdir Jóns gefur t.a.m. að líta um AM 50 8vo (*DI* I:149–150 o.v.).

²⁸ En á bls. 2 er trúarjátningin (1. kafli skv. útgáfunni í *NgL*), tekin úr NKS 1930 a 4to og prentuð með smærri lettri. Eiginlegur kristinréttur í útgáfu Thorkelíns er því kaflar 8–43 í útgáfu *Norges gamle love*. Viðaukakaflarnir eru á bls. 213–233. Undir þetta hefur m.a. Már Jónsson tekið (1993:36).

Lyngdal Magnússon 2003:42–47). Varðveisla kristinréttarins í miðaldahandritum bendir til að það sé rétt ályktun en útgefendur kristinréttar Árna í *Norges gamle love* prenta 46 kafla (*NgL* V:16–56).²⁹

Reyndar standa nánast allir þessir kaflar, þ.e. I.–IX. hluti, í elsta handritinu, AM 49 8vo, en fyrsta hlutann (1.–7. kafli) er aðeins að finna á innan við 10% miðaldahandrita. Áttunda hlutann (40.–42. kafli) er víðar að finna á miðaldahandritum eða í rúmum helmingi tilvika (þ.e. ef báðar gerðir 41. kafla eru lagðar saman); níundi hlutinn (43.–46. kafli) er hins vegar sjaldgæfur, þrír af fjórum köflum eru aðeins á 4% miðaldahandrita (Magnús Lyngdal Magnússon 2002:228–229).

Kristindómsbálkur Járnsíðu er aðeins sjö kaflar; þar eru auk trúarjátningarinnar greinar um konungaerfðir og eiða. Hann reiðir sig (nánast orðrétt) á kristinrétt nýrri Gulapingslaga en tekur þaðan einungis upphafið sem þó má kalla með réttu nokkurs konar inngang að kristinréttinum sjálfum. Þar er ein grein (2. kafli) býsna mikilvæg:

Nv af þui at guðs miskunn ser til þess þorf hversdaglega utolulegs lyðs, oc imis fiolmennis, þa hever hann skipat tueim sinom þionom at vera augsynilega hans umboðs menn um þessa helga tru, oc hans heilagt logmal, goðom monnom til rættinda, en vandom monnom til refsingar oc reinsanar. Ero þeir tueir, annar(r) konongr, en annar(r) byscop, hever konongr af guðe veralldlegt valld til veralldlegra luta, en byscop andlect valld til andlegra luta, oc a hvarr þeirra at styrkia annars valld til rætttra luta oc loglegra, oc kannaz við sek, at þeir hava valld oc yfer boð af sialvom guðe, en æigi af ser; oc fyr þui at þeir ero guðs umboðs menn, hins oc annars at þat sia aller, at þeirra ma a enga lund missa, þess ins þriðia at sialfr guð virðiz at kalla sek með þeirra nofnom, þa er sa i miklum haska sannlega við guð, er þa styrker eigi með fullkominne ast oc ræzlo til sins valldz, þess er guð hever þeim til skipat, þar sem þeir bera sua mikla ahyggio firer landz folkino, oc abyrgiaz firi guðe, allra hellzt þar sem login vatta með staðom eða merkiom sua, at hvarke mege hofðingiarnir, ef þeir geyma þess, anauðga eða þyngia folkino, oc með of mikille aðyngð, oc at eigi megí favittrir menn synia hofðingionum loglegrar þegnskylldo fire þriozku saker eða skamsynn-ar uvizku (*Járnsíða*:12–13).

²⁹ Þess ber þó að geta að hér eru kaflar tölusettir með tvenns konar hætti. Sé tekið mið af tölum innan sviga hefur lesandi undir höndum 35 kafla gerð kristinréttar Árna.

Þessi grein er undirstaða skilnings á sambandi ríkis og kirkju á miðöldum; hugmyndin um að hinn andlegi og veraldlegi stjórnandi hefði þegið vald sitt af guði hefur verið rakin aftur til Gelasiusar I. páfa (492–496). Hún hljóðar svo:

Duo quippe sunt, imperator auguste, quibus principaliter mundus hic regitur: auctoritas sacrata pontificium, et regalis postestas. In quibus tanto gravius est pondus sacerdotum, quanto etiam pro ipsis regibus hominum in divino reddituri sunt examine rationem. (Þeir eru tveir, Ágústus keisari, sem fara með stjórn heimsins: klerkar með andlegt vald [auctoritas] og konungur með veraldlegt vald [postestas]. Ábyrgð klerka vegur þyngra þar sem þeir svara fyrir konunga manna fyrir guðdómnum).

Þessi grein var víða tekin upp í lagasöfn, þ.á m. *Decretum Gratianusar* (Bagge 1987:114 nm.). Gelasius hafði að hluta til að leiðarljósi kenningar Ágústínusar kirkjuföður (354–430) sem hugði tilveruna tvískipta milli guðsríkis (civitas dei) og jarðríkis (civitas terrena). Hann skilgreindi þó ekki kirkjuna sérstaklega innan guðsríkis né heldur veraldlega stjórnendur innan jarðríkis (Tierney 1988:9–10, Synan 1982:654–655); á slíkri túlkun á verkum Ágústínusar fór að bera í skrifum guðfræðinga á 12. og 13. öld. Þeir álitu að páfinn, staðgengill Krists á jörðinni, þægi bæði andlegt og veraldlegt vald af guði; hann færi þó aðeins með hið andlega en fengi ríkisvaldinu hið veraldlega; þannig hlaut að vísu ríkið vald sitt af guði en aðeins með milligöngu páfans. Ríkisvaldið heyrði því að sönnu undir kirkjuna og bar að beita valdi sínu í samræmi við óskir hennar. Var þessu tvískipta valdi gjarnan líkt við sverðin tvö (*Lúk:* 22.38).³⁰

Magnús Stefánsson álitur að Jón rauði erkibiskup hafi fylgt þessari stefnu, að kirkjan stæði ofar en ríkisvaldið, og til marks um það nefnir hann að í kristinrétti hans sé kaflann um völd konungs og biskups ekki að finna (þ.e. kristindómsbálk Járnsíðu); Árni hafi staðið í skjóli Jóns rauða, auk þess sem saman fóru hagsmunir kirkju og konungsvalds á Íslandi við að

koma á þeirri skipan milli andlegs og veraldlegs valds, sem þegar var löngu komin á í Noregi og viðurkennd ... [því] var ekkert sem mælti gegn því, að hann [Árni] setti í kristinrétt sinn ákvæði [þ.e. kristindómsbálk Járnsíðu] um jafnrétti konungdóms og kirkju (1978:156).

³⁰ „Herra, sjá, hér eru tvö sverð. Og hann sagði við þá: Það er nóg.“

Þetta er vafasamt og skal vikið að því nánar. Í fyrsta lagi stendur kristindómsbálkur Járnsíðu, eins og fyrr getur, aðeins á örfáum miðaldahandritum kristinréttar. Magnús styðst við útgáfu Norges gamle love en þar er textinn aðeins gefinn út eftir sex skinnhandritum (af 50). Af þeim hefur aðeins eitt þeirra, NKS 1930 a 4to, þessa fyrstu sjö kafla; á AM 49 8vo eru þeir flestir³¹ en á AM 351 fol og GKS 3270 4to standa þeir að hluta til.

Í öðru lagi er augljóst að kristindómsbálkur Járnsíðu var ekki borinn upp til samþykktar á alþingi árið 1275 sem hluti af kristinrétti Árna. Hann var gildandi lög, enda samþykktur þegar menn lögðu blessun sína yfir þann hluta lögbókarinnar á alþingi árið 1272 (*ÍF* XVII:29). Aðstæður Árna og Jóns voru því ólíkar: Á Íslandi giltu lög um kristna trú þegar Skálholtsbiskup hóf að taka saman kristinrétt sinn. Á Frostapíngi var engum kristinrétti goldið jáyrði — eða lögum er vörðuð kristna trú af nokkru tagi — og því hóf Jón rauði að semja sinn kristinrétt frá grunni, að hluta til með gömlu Frostapíngslögin í huga en þó aðallega eftir almennum lögum kirkjunnar, kanónískum rétti.

Magnúsi lagabæti var á stjórnarárum sínum umhugað að halda frið við kirkjuna. Hann hélt þó fast í þá skoðun að það væri hlutverk beggja, konungdóms og kirkju, að efla guðsríki. Jón rauði taldi aftur á móti kirkjuna eiga fullan rétt á að semja kristinrétt án afskipta ríkisvaldsins. Eftir að erkibiskup náði fram vilja sínum á Frostapíngi ríkti því óvissa um kristinréttarlöggjöf uns sætt tókst (tímabundið) með konungsvaldi og kirkju í Túnsbergi árið 1277. Hlýtur því að teljast eðlilegt að setja kristindómsbálk Járnsíðu í samhengi við þessar deilur konungs og kirkju í Noregi um löggjafarvald í kristinréttarmálum og er þá komin skýring á því hvers vegna hann er ekki lengri og ýtarlegri en raun ber vitni.³²

Það verður því að teljast ærið ólíklegt að kristindómsbálkur Járnsíðu hafi verið hluti af upphaflegum kristinrétti Árna Þorlákssonar. Líklegra er að hann hafi verið tekinn upp í handrit hans sem komin voru upp á þeim árum sem Járnsíða var í gildi (1271–1281) eða í afskriftir þeirra (s.s. AM 128 4to), eins og Jón Sigurðsson benti á og greint var frá hér að framan.

³¹ Í AM 49 8vo eru 6. og 7. kafli nokkuð styttnir og auk þess skeytt saman (sbr. Magnús Lyngdal Magnússon 2002:151–152). Kristindómsbálk Járnsíðu er enn fremur að finna á AM 128 4to. Hið merkilega er þó að stafsetning á NKS 1930 a 4to og AM 49 8vo bendir til þess að kristindómsbálkur Járnsíðu á hvorugu handritinu sé runnin frá aðalhandritinu, Staðarhólsbók (AM 334 fol, bl. 92v–108r).

³² Lára Magnúsardóttir hefur reyndar aðra skoðun á þessu: „Engin ákvæði voru um kristinrétt í Járnsíðu, sem er undanfari bæði kristinréttar hins nýja og Jónsbókar vegna þess að ákvörðunin um skiptingu valdsins hafði verið tekin. Þörfin fyrir kristinréttarákvæði í veraldlegri lögbók var þar af leiðandi ekki fyrir hendi“ (2001b:204 nm.). Þetta er ónákvæmt. Engin

Miklu erfiðara er að gera sér grein fyrir því hvar upphaflegur kristinréttur Árna hefur endað. Á elsta handritinu, AM 49 8vo, eru kaflar 43–46 greinilega viðbót úr kristinrétti Jóns.³³ Þetta eru eins konar viðbótarákvæði við það sem þegar stóð í kristinrétti Árna: 43. kafli er viðauki við 23. kafla; 44. kafli er viðauki við 28. kafla; 45. kafli er viðauki við 38. kafla; aðeins 46. kafli geymir efni sem ekki er fyrir í kristinrétti Árna. Ef þessir kaflar eru dregnir frá auk kristindómsbálks Járnsíðu standa eftir 35 kaflar (þ.e. II.–VIII. hluti).

Sem fyrr greinir taldi Jón Sigurðsson upphaflegan kristinrétt Árna jafnvel aðeins hafa verið 32 kafla; taldi hann því leika vafa á að kaflar 40–42 hefðu hlotið samþykki á alþingi 1275. Sé haft í huga að kaflar 43–46 eru hrein viðbót úr kristinrétti Jóns rauða (sem standa á afar fáum miðaldahandritum) er ekki ósennilegt að orð Árna sögu um að kristinrétturinn hafi fengist samþykktur „utan fá capitula“ (*ÍF* XVII:49) eigi við 40.–42. kafla. Jón Jóhannesson gat sér til að efni þessara ósamþykktu kafla hefði vafalaust snert takmörk andlegs og veraldlegs valds; leiddi hann getum að því í framhaldi að alþingissamþykktin frá 1253 (aftast í 16. kafli) hafi hugsanlega verið ein þeirra greina sem ekki fékkst játað á þinginu; taldi Jón samþykktina raunar dauðan bókstaf (1956:109,110,261).³⁴ Skál þetta ekki dregið í efa. Aftur á móti er rétt að benda á að alþingissamþykktina er að finna á öllum miðaldahandritum kristinréttarins (þar sem 16. kafli stendur annars vegar) en 40.–42. kafli ekki. Þeir eru aðeins á ríflega helmingi handritanna; gæti slíkt bent til þess að ekki hafi menn verið á eitt sáttir um gildi þeirra. Ennfremur snerta þessir kaflar sann-

ákvörðun lá fyrir af hálfu konungsvaldsins í Noregi á þessum tíma um aðskilnað andlegra og veraldlegra laga. Þvert á móti vildi Magnús lagabætur hafa samráð ríkis og kirkju um setningu nýs kristinréttar. Aftur taldi Jón rauði erkibiskup það í valdi kirkjunnar og ekki konungsmanna að semja lög er vörðuðu kristna trú. Þessu má ekki rugla saman, enda er ekki svo að sjá að aðskilnaður veraldlegra og geistlegra laga hafi ríkt á áratugunum eftir 1280.

³³ Jón Þorkelsson giskaði á að Árni hefði reynt að fá „ýmsar greinir úr Kristinrétti Jóns, sem stafa mun frá biskupapinginu 1280, lögtekna, en það mun hafa gengið treglega eða alls ekki“ (*DI* II:226, sjá einnig 219, 221–225, 229, 232). Meðal þessara greina eru 43.–46. kafli kristinréttar Árna (sbr. *NgL* V:54–56). Fyrir þessu eru engar heimildir og varðveisla kaflanna í miðaldahandritum bendir til þess að þetta sé ólíklegt.

³⁴ Reyndar er harla lítið vitað um þessa samþykkt annað en að hún var gerð á tíð Sigvarðar biskups Þéttmarssonar (1238–1268). Í deilum um lögtöku Jónsbókar á alþingi 1281 bar Árni biskup hana fyrir sig og sagði þetta hafa verið „lögtekkit hér í lögrétu yfir allt vart land með góðu samþykki allra landsmanna“ (*ÍF* XVII:95). Jón Jóhannesson taldi að samþykktin hefði aðeins verið nýmæli og því aldrei fullgild lög. Þar með væri hún dauður bókstafur, enda hefðu höfðingjar sem ekki voru á alþingi þetta sumar talið sig óbundna af samþykktinni, sbr. þá reglu að nýmæli hafi ekki bundið aðra en þá sem samþykktu það sjálfir (Sigurður Línadal 1984:145; Jón Jóhannesson 1956: 258–260; 1958:91–92.).

arlega takmörk veraldlegs og andlegs valds; ekki hvað síst 41. kafli sem kveður á um dómsveld kirkjunnar í öllum kristinréttarmálum, bæði þau sem vörðu kirkjuna og almenning. Slík réttindi fékk norska kirkjan að öllum líkindum ekki staðfest endanlega fyrr en 1277, svo sem fyrr er getið, þó svo að forvígismenn hennar hafi talið sér sjálfstæða dómsögu frá miðri 13. öldinni (Bagge 1987:151–152). Tæplega hefur íslenska kirkjan orðið þeirri norsku fyrri til að fá þessi réttindi viðurkennd.³⁵

Að vísu hefur því verið haldið fram að á meðal þeirra greina sem ekki fengust samþykktar á alþingi 1275 hafi verið sú um völd biskups yfir kirkjum, 11. kafli kristinréttar Árna.³⁶ Hér virðist þó gildistöku og framkvæmd kristinréttar ruglað saman. Tveimur árum áður (1273) hafði Árni biskup unnið fullan sigur í fyrri lotu staðamála og fengið viðurkenndan yfirráðarétt yfir stöðum á höfðingjafundi í Björgvin. Erkebiskup kvað upp dóminn að viðstöddum konungi. Tæplega hafa íslenskir höfðingjar því getað sett sig upp á móti þeim ákvæðum kristinréttar Árna sem einmitt voru grundvölluð á þessum málalokum. Hitt er svo annað mál að eftir að ríkisráðið tók við völdum í umboði Eiríks konungs árið 1280 breyttust allar forsendur í staðamálum; réttindi norsku kirkjunnar (og þ.a.l. þeirrar íslensku) voru þá afnumin að stórum hluta og útilokað hefur verið að framfylgja þessum ákvæðum kristinréttar Árna.

Ekki er því ólíklegt að 32 köflum kristinréttar Árna en ekki fleiri hafi verið játað á alþingi árið 1275, þ.e. köflum 8–39. Hugsanlegt er að 40.–42. kafli sem lögrétta synjaði þá hafi smám saman öðlast gildi en ákvæði Jóns rauða (kaflar 43–46) hafa aldrei verið hluti af kristinrétti Árna (sbr. Már Jónsson 1991:151).³⁷ Þá er ósennilegt að kristindómsbálkur Járnsíðu hafi nokkurn tímann tilheyrt kristinréttinum, heldur aðeins verið í lausum tengslum við hann sem nokkurs konar inngangur. Þessir kaflar giltu enda aðeins í réttan áratug því árið 1281 leysti Jónsbók Járnsíðu af hólmi sem lögbók Íslendinga. Tæplega hefur kristindómsbálkur Járnsíðu gilt áfram sem hluti af kristinrétti Árna — hvorki sem hluti né laustengdur inngangur — enda er í Jónsbók kristindómsbálkur ekki ósvipaður þeim í Járnsíðu og hefur hann væntanlega tekið við hlutverki inngangskafla kristinréttar Árna (*Jónsbók*:17–30).

³⁵ Þessu er t.a.m. Már Jónsson sammála (1993:30).

³⁶ Sjá t.a.m. Lára Magnúsdóttir (2001b:207 nm.) og Finnur Jónsson (1774:10–11).

³⁷ Már nefnir dóm frá þriðja áratugi 16. aldar þessu til stuðnings (*DI* XII:621). Þar féll Guðrún Jónsdóttir til óbóta með föðurbróður sínum samkvæmt upphaflegu ákvæði í 27. kafla kristinréttar Árna; slíkt hefði ekki komið til hefði ákvæði Jóns rauða í 43. kafla haft einhverja þýðingu.

Því má heldur ekki gleyma að enda þótt íslenska kirkjan hafi tekið stakka-skiptum á síðustu áratugum 13. aldar, öðlast nokkurt frelsi og fengið viður-kennd ýmis réttindi alþjóðakirkjunnar, var hún langt frá því að vera orðin full-burða stofnun — ríki í ríkinu — eins og kirkjan var víða á meginlandi Evrópu um þetta leyti (Cantor 1993:487–505).³⁸ Vel má heita svo að kirkjunnar menn á dögum Árna Þorlákssonar hafi litið á kirkjuna sem eina heild og komið fram í nafni hennar sem stofnunar en ekkert bendir til þess að leikmannahöfðingjar íslenskir hafi skilið hlutverk kirkjunnar með þeim hætti (Magnús Stefánsson 1978:140, Sigurður Línadal 1997:253, Lára Magnúsardóttir 1998:217).³⁹ Hér hlaut því að fylgja eins konar málamiðlun og skýrasta dæmið er vitanlega lögtaka kristinréttar Árna sem goldið var jáyrði í lögréttu rétt eins og um veraldleg lög væri að ræða. Hitt ber þó að hafa í huga að þótt bæði kristinna laga þáttur Grágásar og kristinréttur Árna hafi verið samþykktir með þessum hætti var sá munur á að kristinréttur forni var hluti landslaganna; kristinréttur nýi stóð hins vegar sjálfstæður; var lögbók kirkjunnar og geymdi reglur og viðurlög er vörðuðu kristið lífsemi og kristnihald. Þrátt fyrir náin tengsl við Jónsbók á miðöldum — kristinréttur Árna fylgir víða Jónsbókarlögum á skinnhandritum — varð hann aldrei hluti hennar í þeim skilningi sem kristinna laga þáttur tilheyrði Grágás (sbr. Gunnar F. Guðmundsson 2000:97).⁴⁰

6. 1275 eða 1354?

6.1. Lögtaka í Skálholtsbiskupsdæmi?

Eins og greint var frá hér að ofan er Árna saga býsna fáorð um gildistöku hins nýja kristinréttar. Þar segir aðeins að biskup hafi fengið hann samþykktan á alþingi sumarið 1275 „utan fá capitula“ sem menn vildu láta konung og erki-biskup skera úr um hvað standa skyldi (*ÍF* XVII:49). Í Árna sögu er hvergi

³⁸ Almennt er talið að vald kaþólsku kirkjunnar í Vestur-Evrópu hafi náð hámarki um 1300, þ.e. þegar kirkjulög höfðu náð útbreiðslu í löndum álfunnar, sjá Lára Magnúsardóttir (2001b:201 og tilvísanir þar).

³⁹ Lára Magnúsardóttir telur að íslenska kirkjan hafi verið orðin stofnun á þessum tíma og komið fram sem slík þrátt fyrir ólíkan skilning klerka og leikmanna á lögum (1998:217 nm.).

⁴⁰ Lára Magnúsardóttir hefur orðað þetta ágætlega: „Við lögtöku hins nýja kristinréttar varð aðskilnaður ríkis og kirkju að veruleika“ (2001b:200). Hún tekur þó skýrt fram að hann hafi verið með allt öðru sniði en tíðkast á vorum dögum. Aðskilnaðurinn hafi falist í andlegum hluta laganna (kristinrétti) og þeim veraldlega (Járnsíðu og síðar Jónsbók) og þeim skilningi að þörf væri fyrir yfirvöld á báðum þessum sviðum.

getið um hvort kristinrétturinn var lögtekin í báðum biskupsdæmum og á samþykkt hans er heldur ekki minnst í annálum, utan einnar setningar við árið 1276 í Skálholtsannál: „Lögtekin kristins doms balkr inn nýi“ (*Íslandske Annaler*:194). Því verður að leita annarra heimilda til að skera úr um hversu víðtækt vald fólst í hinum nýja kristinrétti.

Í tveimur handritum er gildistaka kristinréttar Árna bendluð við Skálholtsbiskupsdæmi eitt. Hér áður var minnst á upphaf kristinréttar í Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol.) en í annálsgrein í Skálholtsbók eldri (AM 351 fol.) segir einnig: „*Anno domini .m.cc.lxx.v. var kristins doms balkr hinn nýi lögtekin vm skalholltz biskups dæmi j logrettu æ islandi*“ (bl. 116vb). Við þetta bætist svo brot úr bréfi Árna biskups og höfðingja sunnanlands, sent Magnúsi konungi haustið 1275 og skýrir frá gildistöku hins nýja kristinréttar á alþingi. Þar segir meðal annars:

Virdvligum herra sinvm magnvsi konvngi hinvm korvnada senda arne biskvp j skalaholtti og ... avll hirdin sv sem j skalahollzt biskvps dæmi er Q[vediu] c[uds] og sina skylldvga þionvztv.

vier vilivm ydr kvnnigt giora at kristins doms balk þann sem samidr var til jslandz med radi virduligx herra jons erkibiskvps. havfvn vier med samþykkt alþydu j skalaholldz biskupsdæmi laugtekid a almennelegu þingi j laugriettu. og sa skal standa þar til er þier og herra erki-biskup j nidarose hafid honum audru viis skipad (*DI II*:125).

Bréfið er aðeins varðveitt í miklu yngra eftirriti (í AM 174 a 4to frá um 1500) en er getið í Árna sögu (*ÍF XVII*:54–55). Loks er varðveitt bréf (einnig í ungu eftirriti, ÍB 221 4to frá 18. öld) Magnúsar konungs Erlingssonar frá árinu 1354 sem fyrirskipar að „sá kristindómsrétt, sem geingr sunnan lands, at hann gangi um alt landit“ (*DI III*:98).

Á þessum heimildum hefur sú skoðun verið reist að kristinréttur Árna hafi aðeins verið lögtekin í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1275 og ekki í Hólabiskupsdæmi fyrr en með konungsbréfinu frá 1354, hartnær átta áratugum síðar. Flestir fræðimenn hafa hallast að þessari kenningu.⁴¹ Nokkrir hafa látið nægja

⁴¹ Sjá t.a.m.: Jón Pétursson (1863:16–17), Magnús Stefánsson (1975:68, 1978:111, 150, 168, 207, 234–235, 2000:16), Jón Jóhannesson (1958:110), Chr. Westergaard-Nielsen (*Skálholtsbók eldri*:14), Sigurður Línal (*Skarðsbók*:35), Björn Þorsteinsson og Sigurður Línal (1978:29, 33, 43, 76), Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir (1989:62), Magnús Már Lárusson (1964:306), Gunnar F. Guðmundsson (2000:89, 2001:213), Jesse Byock (2001:312), Páll Sigurðsson (1971:168, 1992:286), Már Jónsson (1993:28, 31), Konrad

að geta þess að kristinréttur Árna hafi verið lögtekin árið 1275 án þess að tiltaka biskupsdæmin sérstaklega⁴² en Páll Eggert Ólason taldi kristinréttinn óefað hafa gilt í báðum biskupsdæmunum frá 1275 og lagaboð konungs frá 1354 komið til vegna „þrjózku Norðlendinga við byskupana nyrðra“ (1922: 29). Fullyrðing þessi kann að hljóma úr lausu lofti gripin en þó er ýmislegt sem bendir til þess að kristinrétti Árna hafi verið fylgt í Hólabiskupsdæmi, a.m.k. að hluta til, fljótlega eftir gildistöku á alþingi 1275 og fram eftir 14. öldinni.⁴³ Lára Magnúsardóttir (2001b:204, 206) er t.a.m. sannfærð um að kristinréttur Árna hafi gilt í báðum íslensku biskupsdæmunum frá 1275 og vísar til þess að með lögfestingunni hafi Íslendingar gengið undir vald páfa og kirkjunnar á andlega sviðinu; eftir lögtökuna hafi kirkjan ekki þurft að leita samþykkis alþingis til lagasetningar. Hér virðist Lára þó ganga ívið lengra en heimildir gefa tilefni til því að afar erfitt (ef ekki útilokað) reyndist að framfylgja ákvæðum kristinréttar Árna á áratugunum eftir 1280. Vissulega má fallast á að kristinrétturinn hafi verið lögtekin á öllu landinu 1275 en nærri lagi er að líta á samþykktina sem áfanga á torsótttri leið í átt að frelsi og réttindum kirkjunnar. Íslenska kirkjan mátti sín enda lítils í deilum við veraldarhöfðingja á meðan stuðnings erkibiskups og/eða konungs naut ekki við; bendir ólíkur lagaskilningur klerka og leikra höfðingja, bæði í staðamálum og erjum biskupa og Norðlendinga um og eftir miðja 14. öldina, til þess að leikmenn hafi ekki litið á samþykkt kristinréttar Árna sem fullkomna viðurkenningu á rétti kirkjunnar til að framfylgja og dæma eftir kanónískum rétti ef hann gekk þvert á landslög.

6.2. Lögtaka í báðum biskupsdæmum?

Magnús Stefánsson taldi líklegustu skýringuna á því að kristinrétturinn hefði upphaflega aðeins tekið gildi í Skálholtsbiskupsdæmi vera þá að Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup (1267–1313) hafi verið erlendis og því ekki á alþingi þegar lagabálkurinn var borinn upp til samþykktar. Hann bætir svo við:

Maurer (1878:97–100, 1966:109), Jón Sigurðsson (*DI* I:562), Jón Helgason (1925:158), Agnes S. Arnórsdóttir (1995:150, 1996:82), Orri Vésteinsson (2000:293), Guðbrandur Jónsson (1940:104), Andrew Dennis, Peter Foote og Richard Perkins (*LEI*:6).

⁴² Sjá t.a.m.: Ólafur Lárusson (1923:4, 1958:206), Einar Arnórsson (1945:115), Inge Skovgaard-Petersen (1960:241), Knut Helle (1974:101), Finnur Jónsson (1774:10).

⁴³ Guðrún Ása Grímsdóttir vék að þessu í útgáfu sinni á sögum Árna Þorlákssonar og Lárentíusar Kálfssonar (sjá *ÍF* XVII:lxxiii, lxxvii, 288 nm., 357 nm. o.v.).

Ljóst er, að Jörundur hefði ekki getað staðið gegn samþykkt kristinréttarins, sem sendur var til Íslands og saminn fyrir það með ráði erkebiskups, og raunar engin ástæða til að ætla, að hann hefði gert það, en hins vegar afar skiljanlegt, að samþykkt hans væri bundin við Skálholtsbiskupsdæmi eitt, ef Hólabiskup var ekki viðstaddur (Magnús Stefánsson 1978:150).

Full ástæða er til að taka undir fyrri röksemd Magnúsar að Jörundur hefði hvorki getað hindrað samþykkt kristinréttarins né að nokkur ástæða sé til að ætla honum slíkt. Hins vegar er með öllu óvíst hvort Jörundur var fjarverandi á alþingi þetta sumar því annálar geta útkomu Hólabiskups við árið 1274 (*Íslandske Annaler*:49, 69, 139, 194, 332). Í Árna sögu segir aðeins að hann hafi komið út sumarið 1275 með skipun kirkjuþingsins í Lyon frá 1274 (*ÍF* XVII:50). Ekkert í sögunni sker heldur úr um það með óvefengjanlegum hætti að Hólabiskup hafi komið til landsins eftir alþingi og því má allt eins gera ráð fyrir því að Jörundur hafi verið viðstaddur þegar kristinréttur Árna var lögtekinn. Að auki álítur Magnús flest benda þess til að Hólabiskup hafi verið á þingi við lögtöku Jónsbókar 1281 þó svo Árna saga geti ekki um nærveru hans þar og ekki megi „álykta of bráðlega um fjarveru hans af þögn sögunnar“ (1978:150, 184, 207–208).

Áður nefnt bréf Árna biskups og hirðarinnar sunnanlands um lögfestingu kristinréttarins er heldur engin sönnun þess að hann hafi aðeins verið samþykktur í Skálholtsbiskupsdæmi. Eins og áður var nefnt er getið um þessa bréfasendingu í Árna sögu. Þar er þó sá grundvallar munur á að sagan getur bréfa (en ekki bréfs) biskupanna beggja auk sýslumanna og höfðingja:

Á þessu hausti [1275] er um liðit var, kómu til Magnúss konungs bréf byskupanna ok sýslumanna ok handgenginna manna á Íslandi ok þar með almúgsins at menn höfðu lögleiddan eptir boði byskupanna ok tilskipan herra Jóns erkibyskups nýjan kristindóms bálk ...

Höfundur Árna sögu hefur haft þessi bréf undir höndum og voru þau „með allra þeira innsiglum“ (*ÍF* XVII:54–55, sbr. *Árna saga biskups*:c). Vel má heita svo að Árni hafi skrifað konungi fyrir hönd biskupanna og önnur bréf sem sagan nefnir séu þá komin frá sýslumönnum og höfðingjum (ef það var þá ekki eitt og sama bréfið). En hitt stendur skýrt að kristinrétturinn var lögleiddur eftir boði Árna og Jörundar, með tilskipun Jóns rauða.

Setningin í bréfi Árna og sunnlenskra fyrimanna til konungs þar sem segir að kristinrétturinn sé aðeins settur til bráðabirgða, þ.e. uns konungur og erkibiskup hafa „honum audru viis skipað“ (*DI* II:125), hefur ennfremur vakið upp þá spurningu hjá fræðimönnum hvort Magnús lagabætur hafi nokkurn tíma staðfest hann formlega (Jón Jóhannesson 1958:109, Seip 1937–1940: 579–581). Konungi líkaði a.m.k. framtak Íslendinga stórilla; sendi hann bréf út árið 1276 þar sem hann

bað alþýðu fyrir sjá við hvat menn mætti búa fyrr en samþykkja nokkorum öðrum lögum, hvárt sem þat væri um kristin rétt eður önnur lög en þeim er hann skipaði, þar til er hann semði við erkibyskup ok aðra lærða menn hvat standa mætti. Sagði hann ok þá litla vináttu mundu móti taka er öðruvís gerði; létz hyggja þetta vera sitt starf ok erkibyskups, en eigi annarra manna at skipa kristin rétt í landi hans eður önnur lög. Þat lét hann ok fylgja at hann hugði at þeim mundi gott hafa til gengit sem gert höfðu.

En at móti flutningi þeira sem fyrir honum sönnuðu at byskupar pyndi um rétt fram ok móti fornum vanda, ritaði hann svá at hann fyrirbauð neinum leikmönnum at ganga undir né eina pynding ok eigi til einnar vaðmálsalnar utan svá sem at fornu hefði verit ok bauð þeim til sín at halda fyrr en játa (*ÍF* XVII:55–56).⁴⁴

Með samþykkt kristinréttar Árna hafa Íslendingar því seilst inn á verksvið sem að mati konungs varðaði þá ekki. En þrátt fyrir óánægju hans er ekkert í þessari frásögn sem bendir til þess að kristinréttur Árna sé felldur úr gildi — eða þá beinlínis samþykktur — en konungur hafnar þó álögum er taka mið af hinum nýja kristinrétti.

6.3. Skálholtsbiskupsdæmi: Samþykki til reynslu?

Eins og fyrr segir tókust konungur og erkibiskup á um setningu kristinréttar í Noregi og vildi konungur hafa samráð ríkis og kirkju um slíka lagagerð. Samkomulag eða sátt í málinu náðist ekki fyrir dauða Magnúsar lagabætis árið 1280. Þá hafði hann lokið við að láta semja nýja lögbók fyrir Íslendinga, Jóns-

⁴⁴ Þetta bréf er ennfremur prentað í *Íslenzku fornbréfasafni* (*DI* II:130) eftir skinnblaði Reykjarfjarðarbókar með Árna sögu. Þar er hins vegar tekinn upp rangur lesháttur: *skapa* í stað *skipa* (sbr. *Árna saga biskups*:48, l. 14).

bók, sem Jón Einarsson og Loðinn leppur sigldu með út sama ár. Sé haft í huga að kristinréttur Árna hafi aðeins átt að gilda uns konungur og erkibiskup skipuðu honum á annan veg er tæpast hægt að líta á kristindómsbálk Jónsbókar öðruvísi en svo að þar felist einmitt viðurkenning — a.m.k. tímabundin — á kristinrétti Árna. Þessi kafli lögbókarinnar er stuttur og að mestu eiðar og ríkiserfðalög, rétt eins og kristindómsbáلكur Járn síðu, og sem slíkur hefur hann ekki átt að leysa kristinna laga þátt Grágásar af hólmi, ef hann var þá enn í gildi (*Jónsbók*:17–30, *Járn síða*:10–18).⁴⁵

Sú skoðun hefur verið sett fram að reiði Magnúsar lagabætis í bréfinu til íslenskrar alþýðu árið 1276 hafi orðið til þess að útilokað var að koma kristinrétti Árna á í Hólabiskupsdæmi (sbr. Magnús Stefánsson 1978:168). Eða með öðrum orðum: Kristinrétturinn var samþykktur til reynslu í Skálholtsbiskupsdæmi en þegar Íslendingar skynjuðu vilja Magnúsar lagabætis afréðu þeir að fresta um sinn löggildingu í umdæmi Hólabiskups. Gallinn við þessa kenningu er sá að hér er gert ráð fyrir því að tvenn kirkjulög hafi gilt á Íslandi í hartnær átta áratugi, eða allt þar til konungsbréfið frá 1354 lögfesti kristinrétt Árna í Hólabiskupsdæmi. Hér er þó rétt að geta þess að Magnús Stefánsson (1978:207,234–235) dregur nokkuð í land með þá fullyrðingu að kristinrétturinn hafi ekki gilt í Hólabiskupsdæmi fyrr en frá árinu 1354. Hann vísar m.a. til þess að Jörundur Þorsteinsson hafi reynt að framfylgja einhverjum ákvæðum hins nýja kristinréttar. En ef reiði konungs kom í veg fyrir lögtöku kristinréttarins á Hólum, hvers vegna var þá hægt að framfylgja honum í Skálholti á sama tíma? Það er að mörgu leyti skiljanlegt að illa hafi gengið að framfylgja þessum nýja lagabálki á áratugunum eftir 1280 — þegar norska kirkjan átti afar andstreymt — en síðar tókst betra samkomulag með klerkum og konungsvaldinu. Hvers vegna var þá beðið í hálfa öld með að lögfesta hinn nýja kristinrétt norðanlands? Að auki bar báðum íslensku biskupunum að sýna erkibiskupi hlýðni samkvæmt almennum kirkjulögum (*DI* I:223,286, *LatDok*: 54, Guðrún Ása Grímsdóttir 1982:32–33) og skömmu eftir samþykkt kristinréttar kom út boðskapur erkibiskups þar sem hann „eggjaði byskupana at halda fram rétti kirkjunnar sem framast væri föng á“ (*ÍF* XVII:58). Ekki er ósennilegt að Jón rauði hafi hér m.a. átt við hinn nýja kristinrétt, enda fátt í kristinna laga þætti Grágásar sem kirkjuvaldsmenn gátu reitt sig á.

⁴⁵ Jón Sigurðsson (1856:17–18) var reyndar efins um að kaflarnir um erfðir og eiða í kristindómsbálknum (3.–12. kafli) hefðu tilheyrt Jónsbók frá upphafi. Hann áleit þá frekar hafa staðið í lausum tengslum við bókina. Þessu hafnaði Ólafur Halldórsson alfarið (*Jónsbók*:iii).

6.4. Kristinrétti Árna framfylgt syðra

Árni Þorláksson hóf fljótlega að framfylgja kristinrétti sínum. Árið 1278 kærði t.a.m. Guðmundur Guðmundsson prestur þá Nikulás og Eindriða sendiboða konungs fyrir biskupi og sakaði þá um að hafa hrakið sig við Ölfusferju. Málavextir eru óljósir en vera má að mennina hafi greint á um það hvorir komu fyrst að ferjustaðnum, enda segir í ferjumáldaga Ölfusár frá um 1200 að þeir sem fyrstir koma að á skuli fara fyrstir yfir (*ÍF* XVII:69 nm., *DI* I :319–320). Árni taldi konungsmenn hafa fellt á sig páfabann af sjálfu verkinu því að samkvæmt kristinrétti og almennum kirkjulögum voru kennimenn friðhelgir (*NgL* V:26, sbr. *DI* I:224–223, II:231–232). Sakborningarnir færðust undan en guldu biskupi að lokum sex marka sekt; hafði Eindriði á orði „at hann vildi þola at Árni byskup léti sækja þau mál öll at nýjum lögum á heraðsþingum <sem stóðu> í fornum kristinrétti en kallaði eigi rangt þótt hinar fornu sektir sé á lagðar“ (*ÍF* XVII:69–70). Ekki er getið um það í kristinrétti Árna hversu hátt féggjald skyldi koma fyrir brot af þessu tagi. Aðeins segir að hinn brotlegi felli á sig bann af sjálfu verkinu og fái einungis lausn eftir guðslögum með forsjá biskups. Það var ekki óalgengt í flóknu dómskerfi miðalda þegar tvenn eða fleiri lög giltu stundum um sama brotið (t.a.m. mismunandi kirkjulög) að menn sæktu málið að þeim lögum sem þóttu mildari (sbr. Brundage 1995:2). Eindriði var sáttur við að láta dæma eftir kristinrétti Árna en féggjöld átti að miða við kristinna laga þátt.

Sem fyrr getur er almennt talið að sættargerðin í Túnsbergi 1277 hafi aukið veg kirkjunnar; þar fengust viðurkennd ýmis forn réttindi, s.s. dómsvald kirkjunnar í klerka- og kristinréttarmálum og skattfrelsi klerka. Veigamesta deiluefnið var þó enn ekki til lykta leitt: löggjafarvald kirkjunnar í kristinréttarmálum sem konungur fékkst ekki til að viðurkenna. Stefna konungs gagnvart kirkjunni mæltist þó misjafnlega fyrir meðal norskra leikmannahöfðingja. Það kom bersýnilega í ljós við konungaskiptin og leitaðist ríkisráðið sem fór með völdin í konungsdæminu næstu árin markvisst eftir því að svipta kirkjuna þeim réttindum sem hún hafði öðlast á valdatíð Magnúsar lagabætis (Helle 1974:141, 249).

Eiríkur Magnússon var krýndur konungur 2. júlí 1280, tólf vetra gamall en Hákon bróðir hans var tíu vetra. Helstu ráðgjafar Magnúsar sáluga urðu lögráðamenn hins nýja konungs og skarst þegar í odda með ríkisráði og erkibiskupi. Ríkisráðsmenn létu semja réttarbót sem lögtekin var skömmu eftir krýninguna og dró mjög úr rétti kirkjunnar en jók á áhrif leikmanna (*DI* II:196–206, *NgL* III:3–11). Á sama tíma blés Jón erkibiskup til biskupþings í Björg-

vin og stefndi þangað m.a. bæði Árna Þorlákssyni og Jörundi Þorsteinssyni. Þar var gerð skipan Jóns rauða með ráði sjö annarra lýðbiskupa. Hún var andsvar við réttarbótinni og miðaði að því að tryggja þau réttindi sem kirkjan hafði þegar öðlast, s.s. réttinn til að dæma í klerka- og kristinréttarmálum og forráðum klerkastéttarinnar yfir kirknafé. Í skipuninni voru bannsakir ennfremur auknar gegn þeim sem gengu á rétt heilagrar kirkju (*DI* II:174–188, *NgL* III:229–241).⁴⁶

Bæði erkibiskup og ríkisráðið leituðu með málið til páfa en þar hlaut Jón rauði lítinn stuðning. Deilurnar mögnuðust uns erkibiskup hrökklaðist úr landi 1282 og lést skömmu síðar. Erkibiskupslaust var í Noregi næstu árin en sættir tókust með deilendum 1283. Kirkjan hafði þó beðið mikinn ósigur og þess gætti einnig úti á Íslandi (Helle 1974:249–253).⁴⁷

Áður var þess getið að árið 1280 komu sendimenn Magnúsar lagabætis út með nýja lögbók handa Íslendingum. Jón Einarsson og Loðinn leppur fóru um landið veturinn eftir og kynntu landsmönnum efni bókarinnar en lögtakan fór fram 1281 og segir af henni í löngu máli í Árna sögu (*ÍF* XVII:86–101). Gunnar Karlsson (1991:62) hefur reyndar bent á að deilan um Jónsbók virðist aðeins að litlu leyti hafa verið háð af lögréttumönnum, enda létu biskup og klerkar, handgengnir menn og bændur rita andmæli við lögbókina áður en komið var til þings og lesa upp í lögrétu.

Óparfi er hér að rekja þær greinar Jónsbókar sem Íslendingum féllu ekki í geð samkvæmt frásögn Árna sögu; þar þóttu þó margir hlutir „mjök frekir um óbótamál ok aðra hluti þá sem óhentir voru landsbúinu.“ Árni biskup Þorláksson taldi einnig margar greinar vera móti guðslögum og vildi með engu móti samþykkja þann kafla bókarinnar „at einn væri lögmaðr yfir landslögum ok Guðs lögum hvárt sem konungr vildi lögmenn hafa einn eðr fleiri“ (*ÍF* XVII:86–87). Vitnaði biskup meðal annars í lögréttusamþykktina frá 1253 um að guðslög réðu ef þau greindi á við landslög og ennfremur í bréf Jóns erkibiskups sem bannaði að lögleiða marga þá hluti er í bókinni stóðu. Eftir heift-

⁴⁶ Lára Magnúsardóttir (2001b:205) furðar sig á umfjöllun Magnúsar Stefánssonar um þessa skipun Jóns rauða sem hann kallar deilurit og einnig því að Magnús (1978:177) skuli kalla konungsbréfið frá 1280 réttarbót. Nú skal ekki dregið í efa að skipun Jóns frá biskupaþinginu sé „ósköp venjuleg“ að uppbyggingu en hvað varðar efni er hún fyrst og fremst andsvar við réttarbót ríkisráðsmanna og átti þannig að standa vörð um réttindi kirkjunnar sem hún hafði þegar öðlast. Það sem Lára kys að kalla bréf konungs er raunar þessi réttarbót ríkisráðsmanna og þó svo að skipun Jóns rauða sýndi fram á að réttarbótin bryti í bága við almenn kirkjulög má draga stórlega í efa að ríkisráðsmenn hafi litið þannig á málið (sbr. *ÍF* XVII:79 nm.).

⁴⁷ Hér verður ekki fjallað um seinni lotu staðamála, sjá Magnús Stefánsson (1978:174–226).

arlegar deilur, einkum á milli Árna og Loðins lepps, fór svo að bókinni var játað. Var konungi áður rituð bænaskrá um þær breytingar sem biskup og Loðinn urðu ásáttir á að gera; hvorki tókust sættir um þá grein að lögmaður væri yfir kristnum rétti né um lögréttusamþykktina frá 1253 (*ÍF* XVII:91, 100). Hvorug þessara greina varð nokkurn tímann hluti Jónsbókar.

Forðast ber að eigna ríkisráðinu norska þær greinar sem Árni biskup taldi standa móti guðslögum í Jónsbók því að hún telst hafa verið fullsamin áður en Magnús lagabætur lést (Björn Þorsteinsson og Sigurður Línal 1978:43). Eins og áður var getið hlýtur kristindómsbálkur lögbókarinnar að fela í sér viðurkenningu á kristinrétti Árna, a.m.k. þar til konungur og erkibiskup hefðu náð sáttum í deilum um löggjafarvald kirkjunnar. Þar með er ekki sagt að konungur hafi galdið jáyrði við kristinréttinum í heild sinni og hlutu ýmsar greinar hans að ganga í berhögg við stefnu ríkisvaldsins gagnvart kirkjunni (s.s. lögréttusamþykktin). Í bréfi Magnúsar til íslenskrar alþýðu 1276 er kristinréttinum ekki hafnað, eins og áður segir, heldur aðeins auknum álögum miðað við hinn nýja lagabálk.

Pegar Loðinn leppur talaði fyrir Jónsbók á alþingi og lögréttumenn neitðu að játa allri bókinni greinalaust svaraði hann á móti „at þeir áttu fyrst at já bókinni ok biðja síðan miskunnar um þá hluti sem nauðsyn þætti til standa, konunginn ok hans ráð“ (*ÍF* XVII:93).⁴⁸ Þetta virðast Íslendingar hafa gert síðan, því að í inngangi réttarbóta sem hingað voru sendar 1294, 1302 og 1312 kemur fram að þær séu gerðar að beiðni Íslendinga (*Jónsbók*:281,289–290, 293, sbr. Gunnar Karlsson 1991:65–66). Hitt er annað mál að á 14. öld tók að tíðkast að réttarbætur konunga væru færðar inn í Jónsbókarhandrit, jafnt þær íslensku og þær sem gerðar voru fyrir Noreg og höfðu aldrei verið lögleiddar hér á landi (Ólafur Lárússon 1958:207). Hér skal getið tveggja réttarbóta er varða kristinrétt.

Réttarbót Eiríks konungs og Hákonar hertoga frá 1290 kvað á um að kristinréttur forni skyldi standa um þá hluti alla sem lærðir menn áttu að hafa. Hún er stíluð til Íslands í einu handriti (AM 154 4to) en Jón Þorkelsson taldi það naumast eiga við rök að styðjast (*DI* II:272–275, *NgL* III:17–18). Aftur á móti segir í réttarbót Hákonar konungs frá 1305

⁴⁸ Hér kemur fram sá skilningur að löggjöf var hlutverk konungs og konungsráðs en ekki alþýðunnar á þingum, rétt eins og viðtekin venja var í Noregi (sjá Helle 1972:485–497, sbr. *ÍF* XVII:93–94 nm.). Gunnar Karlsson telur að andstaðan við Jónsbók beri með sér „að Íslendingar, bæði höfðingjar og bændur, tóku alvarlega samþykktarvald sitt um lög þegar konungur bauð þeim að fyrra bragði að beita því. Þeir skildu það ekki svo að konungur ætti einn að ráða lögum“ (1991:64).

at allr kristindoms rettr se eptir þui sem at fornu hefuir verit ok allir þeir hlutir sækiz eptir þui sem laug hafua adr verit. en eigi med vtsetning heilagrar kirkiu eda þionustu banni. þuiat lögmenn erv til þess skipadir at segia laug vm kristindoms rett ok þær sakir sem þar kunnu til at falla (*DI* II:343, sjá einnig Jón Sigurðsson 1886:166).

Þessi grein, sem er hin fyrsta í réttarbótinni, finnst óvída á handritum. Hún er prentuð eftir AM 126 4to í *Íslenzku fornbréfasafni* en stendur þar að auki á AM 131 4to, GKS 3269 b 4to, Thott 2100 4to og Thott 2101 4to (*DI* II:342–345). Óvíst er því hvort þessi grein hefur nokkru sinni fengist lögtekin á Íslandi; þannig hefði kristinréttur Árna verið felldur úr gildi alls staðar á landinu. Jón Þorkelsson gat sér til að hún tengdist deilum skagfirskra bænda við Jörund Hólabiskup. En þær virðast benda til þess að biskupinn hafi framfylgt (a.m.k. að hluta til) kristinrétti Árna í umdæmi sínu. Skál vikið að þessu og öðrum dæmum úr Hólabiskupsdæmi á fyrri hluta 14. aldar (til 1354) sem benda til þess að biskupar umdæmisins hafi reynt að framfylgja kristinrétti hinum nýja. Um það er Árna saga að vísu býsna fáorð svo leita verður fanga í öðrum heimildum.

6.5. Kristinrétti Árna framfylgt nyrðra

Snemma á 14. öld kærði Sveinn langur Þórisson sýslumaður í Hegranessþingi Jörund Þorsteinsson Hólabiskup til Hákonar konungs fyrir að hafa tekið til fjórtán hundraða fyrir fátækum mönnum í Skagafirði af hvölum er bændur í héraðinu höfðu flutt til lands á helgum dögum. Samkvæmt kristinna laga þætti átti að gefa þurfamönnum fimmta hlut af helgidagaveiði, í þessu tilviki fimmtung hvers hvals (*Grágás* Ia:25). Jörundur hefur hins vegar framfylgt kristinrétti Árna þar sem segir m.a. um helgidagaveiðar: „Enn ef afgiof verðr meiri [af helgidagaveiðum] en hvndrað i einom stað saman. þa se henne svascipt sem tivndvm i .iiij. staði“ (*NgL* V:46). Óvíst er hversu mikið Hólabiskup tók en í svari konungs við kærinni sem tímasett er árið 1305 segir meðal annars:

Ok af þui at skiluis vitni buðuz firi oss at fimtungr or hual huerium smam oc storum þeim er fluttz hefer aa helgum dögum hefer fatækra manna eign werit at fornu epter þui sem logbok ýðr oc forn kristindoms réttir vattar (*DI* II:346).

Jörundi var skipað að skila því sem hann lét taka innan hálf mánaðar ella átti sýslumaður að taka svo mikið af góssi biskups sem hann hafði af fátækra manna fé tekið auk vaxta (*DI* II:347). Engar heimildir eru til um lyktir málsins en samkvæmt skipun konungs átti Hólabiskup að fylgja fornum kristinrétti, eins og fyrirskipað var af hálfu konungsvalds í Noregi á sama tíma.

Í öðru bindi *Íslenzks fornbréfasafns* eru prentuð skriftaboð úr Hólabiskupsdæmi sem í handritum eru eignuð biskupunum Jörundi Þorsteinssyni, Lárentíusi Kálfssyni og Agli Eyjólfsyni. Óljóst er að hve miklu leyti má rekja boðin aftur til Jörundar. Finnur Jónsson (1774:188–192) heimfærir þau til Lárentíusar og prentar eftir AM 175 a 4to. Þar segir m.a. um sílfjar:

Þath eru sífuair ef madr heldr barni mannz til skirnar. edr. undir biskups haund, ok þath er a þria uega. uidr barnith faudr ok modr barnsins ok uidur þann [sem] skirer epter þui sem kristinn rettr hinn nýi seger. fyrer þessar sífuair a ath skripta sem firi einfalldann hordom (*DI* II:133).

Jón Þorkelsson áleit þau hins vegar að mestu frá tíð Jörundar og setti við árið 1276 (*DI* II:131).⁴⁹ Sú tímasetning er miðuð við kristinrétt Árna, enda boðin að hluta til grundvölluð á hinum nýja kristinrétti. En hvort sem þau komu frá Jörundi eða Lárentíusi eru þau dæmi um að Hólabiskupar hafi fylgt — a.m.k. að hluta til — kristinrétti Árna áratugum áður en konungsbréfið frá 1354 á að hafa lögfest hann í biskupsdæmi þeirra.

Pegar Jörundur biskup Þorsteinsson lést árið 1313 var Norðmaðurinn Auðun rauður Þorbergsson kjörinn eftirmaður hans á Hólum. Hann kom úr röðum kórsbræðra og var framarlega í hópi þeirra í deilum við Jörund erkibiskup sem lýst er í Lárentíus sögu (*ÍF* XVII:238–245).⁵⁰ Auðun sat á biskupsstóli í nfu friðlítil ár. Skömmu eftir komuna til Hóla hófust greinir með hinum nýja biskupi og flestum prestum biskupsdæmisins, einkum vegna embættisveitinga og meðferðar klaustureigna. Auðun tók meðal annars biskupstíundir vestan Vatnsdalsár af Þingeyrarklaustri og lagði á ný til Hóla; af þeim gjörningi hlutust mikil málaferli (sjá *ÍF* XVII:323–334).

⁴⁹ Skriftaboðin eru prentuð hér í tveimur gerðum í *Íslenzku fornbréfasafni* (*DI* II:131–138, sjá *NgL* V:41).

⁵⁰ Deilurnar snerust ekki hvað síst um völd og réttindi kórsbræðra sem á tíð Jörundar voru orðin býnsa mikil. Sættir í deilunni tókust árið 1297 og voru þá ýmis réttindi bræðranna tryggð (*DI* II:325–328).

Auðun stóð þó tæpast í minna stappi við leikmenn í biskupsdæminu og árið 1319 klöguðu norðlenskir bændur biskup í bréfi til Hákonar konungs. Þar var Auðun m.a. sagður „með aungu móti samþykkr verða, svá sem þat lögmaðr segi lög um fésektir í kristindóms bælki. Ei[gi] vill hann ok at fésektirnar minnist í kristindómsrétti svo sem yðar bréf [frá 1305] býðr.“ Margar aðrar ávirðingar eru bornar á biskup og er þess óskað í bréfinu að konungur sjái til þess að eigi sé „leingi saman ágjarn höfðingi ok heimskt fólk“. Hákon konungur féll frá í maí þetta sama ár og því kom í hlut Magnúsar Eiríkssonar arftaka hans (eða öllu heldur ríkisráðsins) að svara kærum Norðlendinga. Bréf hins nýja konungs kom út 1320 og þar er biskupum og lærðum mönnum fyrirboðið að seilast á þegna konungs móti lögum og fornri siðvenju (*DI* II:489–491, 495–496).

Veturinn 1319–1320 hljóp mikil harka í deilurnar. Skagfirskir lausamenn tóku sig saman og hugðust jafnvel fara að biskupi og meiða hann; hafa ákvæði almennra kirkjulaga (og kristinréttar Árna) um þyrmsl kennimanna vart staðið þeim ofarlega í huga. En loks játuðu margir prestar í umdæminu því að tíunda eftir fornri venju og „at þurfamenn einir skyldu taka þat sem minna væri en af fimm hundruðum“ (*ÍF* XVII:339). Auðun hefur því reynt að framfylgja öðrum skyldum en kristinréttur forni lagði á herðar honum. Ekki er svo að sjá að raunverulegar sættir hafi tekist í deilunum og hélt Auðun af landi brott 1320. Hann lést í Niðarósi 1322.

Eftirmaður Auðunar var Lárentíus Kálfsson. Hann þekkti vel til kirkjulaga; hafði meðal annars lesið á kirkjulögbækur hjá Árna Þorlákssyni í Skálholti og lært kirkjurétt hjá Jóni flæmingja í Niðarósi sem var „svá mikill juriste at enginn var þá í Nóregi hans líki“ (*ÍF* XVII:235, 239). Lárentíus var kjörinn Hólabiskup 1322 af erkibiskupi og kórsbræðrum í Niðarósi, skömmu eftir að Auðun lést, og var vígður í embætti 1324.

Áður en Lárentíus hlaut vígslu (þá sem electus) hlutaðist hann til um tíund kirkjunnar í Hvammi í Vatnsdal. Þar átti kirkjan tvo hluti í heimalandi og Finnbjörn Sigurðsson bóndi þriðjung á móti. Hann virðist þó hafa farið bæði með prestshluta og kirkjuhluta tíundarinnar; þótti Lárentíusi kirkjan lítt haldin og vildi skipa presti nokkrum kirkjuhlutann. Hér hefur biskup líkast til skírskotað til 22. kafla í kristinrétti Árna. Þar segir meðal annars: „Hæimillt a byscop at taca tivnd fra kirkio ef hann vill. þo at hann hafi til lagt aðr ef þær erv verr varðveittar en mællt er“ (*NgL* V:35). Þetta vildi Finnbjörn bóndi ekki fallast á en eftir áminningar biskupsefnis lét hann jarðarhlut sinn fyrir sex tugi hundraða (*ÍF* XVII:357–358).

Fleiri dæmi er að finna í Lárentíus sögu um að söguhetjan hafi haft í frammi ákvæði kristinréttar Árna. Árið 1308 lét Lárentíus, þá klerkur í þjónustu Jörundar Hólabiskups, sig varða erfðamál Solveigar Loftsdóttur í Lönguhlíð í Hörgárdal. Hún átti leg að Bægisá en eiginmaður hennar Þorvaldur Geirsson lét jarða hana á Munkaþverá og gaf um leið kirkjunni mikið offur. Þessu vildi Hildibrandur prestur á Bægisá ekki una og kærði málið fyrir Lárentíusi „með því at eigi var testamentum hennar sjálfrar [Solveigar] vitanda at hún hefði kjörít sér annars staðar leg en at sóknarkirkju sinni á Bægisá.“ Lárentíus áminnti Þorvald og skipaði að líkaminn skyldi fluttur til Bægisár eða þá að gerð yrði sætt í málinu og fengi sóknarkirkjan það sem skynsamlegt þótti af offrinu. Engar urðu þó sættirnar og varð málið til sundurþykkis Jörundar Hólabiskups og Lárentíusar (*ÍF* XVII:277–285).⁵¹ En hér hefur klerkur líklega vísað til 16. kafla kristinréttar Árna þar sem segir

at scipan su sem menn gera a siþurstvm dogom fyrir ser. nær verande tveimr eða þrimr scilvęnom monnom oc fyrir presti ef honom nær scal standa hæþan af. oc obrigðiliga halldaz sva sem logmál (*NgL* V:27).

Með Lárentíus sögu lýkur síðustu biskupasögunni. Í staðinn koma skjöl og annálar en ritvæðing íslensks samfélags kom einkum til fyrir áhrif frá kirkjunni; hún hófst á 11. öld og þróaðist fram á þá 13du (Sveinbjörn Rafnsson 1996:46, Gísli Sigurðsson 2002:59, 65, 94 o.v.). Þó telur Orri Vésteinsson (2000:39, 225) að biskupsstólarnir hafi ekki hafið skráningu skjala og skipulagða varðveislu fyrr en á síðasta aldarfjórðungi 13. aldar.

Lítið er vitað um eftirmann Lárentíusar á Hólum sem var Íslendingur að nafni Egill Eyjólfsson. Hann var þó í læri hjá Lárentíusi og miðað við þau fallegu eftirmæli sem hann fær í Lögmannsannál hefur biskupinn haldið vel á eigum stólsins og samið ágætlega við sálir í umdæminu (*Íslandske Annaler*:273, Páll Eggert Ólason 1948:329).⁵²

Mjög horfði til hins verra í sambúð biskups og leikmanna eftir að Ormur Ásláksson, norskur maður, tók sæti Egils á Hólum. Hann var biskup nyrðra frá 1343 til 1356; konungsbréfið sem talið er að hafi lögfest kristinrétt Árna í

⁵¹ Lárentíus virðist einnig hafa haft kristinrétt Árna í huga þegar hann predikaði einn hátíðisdag á Hólum (líklega veturinn 1307–1308) um alls kyns ósiði, s.s. hórdóm og frændsemisspell (sbr. *ÍF* XVII:288 nm.).

⁵² Einar Hafliðason hefur lengi verið talinn höfundur Lárentíus sögu en hann er einnig sagður hafa ritað Lögmannsannál frá upphafi fram til ársins 1362 (sjá *ÍF* XVII:lxv–lxvi, lxxvii).

Hólabiskupsdæmi kom því út á hans tíð (*DI* III:98–99). Í Lögmannsannál segir við árið 1343 að Ormur hafi deilt við klausturbæður á Möðruvöllum og kastað sumum þeirra í myrkrastofu. Þá „spente hann fast Hóla kirkju godze þui sem þeir herra Egill byskop ok sira Einar Haflida son hofdu vndir komit.“ Ári síðar stendur ritað að biskupar hafi gerst harðir mjög við lærða menn og leika á Íslandi (*Íslandske Annaler*:274). Steininn tók þó úr árið 1347:

*Byskupar a Islandi gerduz sua hardir uid lannz folkid ok toku af monnum penga sua at menn mattu uarla unndir bua. æ alþingi skrifudu Nordlendingar bref til Magnusar kongs med radi Holta [þ.e. Holta Þorgrímssonar hirðstjóra] af þeim lannzins uana sem fyrri byskupar hofdu halldit af sinni yfirferd ok mannfíold i uisiteran saung til kirkna ok tiunnda gialld. greinndi serhueria hluti er þeir uilldu at helldiz eftir fornum uana. badu þeir konginn miukum ordum þat sama styrkia med sinni roksemd ok fyrir þetta bref settu xij bænnr af Nordlenndingum sin insigli en almugin a Islandi samþyckti a iij þingum (*Íslandske Annaler*:223).⁵³*

Ormur virðist við þetta hafa dregið í land og bauð á Hegranessþingi að halda fornan landsrétt, utan að tíundir skyldu lúkast þar sem eignir lægju eftir lögum, en bændur og alþýða neituðu (*Íslandske Annaler*:213).

Bæði Ormur Ásláksson og Jón Sigurðsson Skálholtsbiskup sigldu nú utan. Jón kom út ári síðar og reyndi að koma á sættargjörð í deilum Orms og norðlenskra leikmanna en bændur vildu með engu móti undir hann leggja né sættast við Hólabiskup. Jón lést skömmu síðar en næsta sumar kom Ormur út með bréfum og stefndi þeim mönnum utan á konungsfund sem samtök höfðu haft í móti biskupi (*Íslandske Annaler*:275–276). Bændur sem fóru utan sigldu heim með bréf konungs þar sem þeim var boðið að sýna konungsvaldinu hlýðni og „vpp luka hirðstiora várum her sua mikit goðz sem þer lukit kirkinni“ (*DI* III:73).⁵⁴

⁵³ Um er að ræða annálsbrot, talið ritað í Möðruvallaklaustri (*Íslandske Annaler*:xx). Sjá einnig Lögmannsannál (*Íslandske Annaler*:274) en þar er frásögnin ekki eins ýtarleg.

⁵⁴ Sjá einnig réttarbót Magnúsar konungs (*DI* III:75–76). Magnús Stefánsson (1978:237) telur hana ranglega tímasetta í *Íslenzku fornbréfasafni* og vill heldur færa hana til ársins 1319 í tengslum við kærú Norðlendinga á hendur Auðuni rauða.

6.6. Konungsbréfið 1354

Ári síðar, hinn 19. október 1354, kom út konungsbréfið sjálft sem á að hafa lögfest kristinrétt Árna nyrðra. Þar segir meðal annars:

Vær viljum at þér vitið, at heiðrigr herra ok várr andligr faðir herra Ormr með guðs náð biskup á Hólum kom ok kærði fyrir oss, at ýmsir menn í hans biskupsdæmi vilja ekki gera sínar tíundir eptir því, sem þeir eru guði skyldugir ok heilagri kirkju bæði af helgra daga veiðum ok öðrum lutum, svá ok at þér vilið eigi láta hann hafa visitationem eptir kristnum lagarétti. Ok af því vér viljum einskis rétt kreinkja, allra sízt heilagrar kirkju ok hennar formanna, heldr styrkja ok staðfesta til allra góðra hluta, þá er þat vart fullkomligt boð ok sannr vili, at þér gerið yðar tíundir á hverju ári eptir lands lögum ok kristindómsrétti, eptir því sem þér vilið svara fyrir guði ok oss, ok haldið biskupinum visitationem ok reiðskjóta, eptir því sem lögbók vátar.

Svá viljum vér ok, at sá kristindómsrétt, sem geingr sunnan lands, at hann gangi um alt landit, ok fyrirbjóðum vér hverjum manni eptir öðrum rétti at sækja (*DI* III:98).

Bréfið var því sent til að lægja deilur um tíundargreiðslur og aðrar skyldur í Hólabiskupsdæmi. Norðlendingar höfðu áður snúið sér til konungs þegar þeim þóttu biskupar gerast of djarfir í innheimtunni og hlotið stuðning (sbr. Jörund og Auðun) en nú horfði öðruvísi við. Í þetta skiptið úrskurðaði ríkisvaldið kirkjunni í vil.

Tímasetningin á konungsbréfinu var engin tilviljun. Norska kirkjan hafði verið í niðurlægingu allt frá dauða Magnúsar lagabætis 1280 og á áratugunum þar á eftir höfðu norskir ráðamenn sættargerðina frá 1277 að engu. Áður hefur verið minnst á réttarbæturnar frá 1290 og 1305 en árið 1316 gaf Hákon konungur út réttarbót sem bauð að lögmenn

hafve oc hallde ok aller lerder menn þann kristinsdoms retth sem veirit heifver at forno her med ydr. oc þo hvarke þan sem Maghnus fader var lett saman seitia oc ei þan er Jon erkibiskup lett saman seitia. en þan sem adr var. oc en vilium ver at gange (*NgL* III:117).

Þetta var fyrirskipað vegna þess að lögmenn höfðu færst undan að kveða upp dóma í kristinréttarmálum því að enginn heilstæður kristinréttarbálkur fylgdi landslögnum. Réttarbótin var ítrekuð 1327 með samþykki Eilífs erkibiskups

(*NgL* III:153–154). Samt sem áður var kristinrétti Jóns fylgt að hluta til í Noregi á þessum árum (Joys 1955:346–349, sbr. Már Jónsson 1993:31).

Deilur innan norsku kirkjunnar urðu ekki til að bæta stöðuna. Eins og áður var minnst á átta kórsbræður í Niðarósi í útistöðum við Jörund erkibiskup; deildu þeir einnig við kórsbræður í Björgvin um réttinn til að velja biskup í Færeyjum. Þá urðu ýfingar með biskupnum í Stafangri og kórsbræðrum þar (Helle 1974:266). Allt varð þetta til þess að auka áhrif konungsvaldins á kirkjumál. Kirkjan tók þó smám saman að rétta hlut sinn og árið 1337 tókst tímabundin sætt um skipan dómsmála. Sættargerðin frá 1277 var svo lögð til grundvallar skipun Ólafs erkibiskups 23. ágúst 1351, sem tryggði kirkjunni mörg af þeim réttindum sem hún hafði hlotið á tíð Jóns rauða (*DI* III:57–65, Magnús Stefánsson 1978:249).

Fyrir fáeinum árum benti Guðrún Ása Grímsdóttir (*ÍF* XVII:lxixiii, lxxviii) á að þær sviptingar sem urðu í Hólabiskupsdæmi um og eftir miðja 14. öld hafi stafað af ólíkum lagaskilningi; biskupar hafi fylgt kirkjulögum en bændur og alþýða landslögum. Þetta er rétt og dæmin sem tínd voru til hér að ofan sýna að biskupar nyrðra, bæði íslenskir og norskir, reyndu að framfylgja þeim lögum sem kirkjan hafði sett sér sjálf. Reyndar mætti allt eins halda því fram að biskupar — sérstaklega norskir — hafi haft almenn lög kirkjunnar í huga (frekar en kristinrétt Árna sérstaklega) þegar þeir tókust á um valdsvið kirkjunnar við leikmenn. Samkvæmt strangasta skilningi kirkjuréttar átti ekki að bera guðslög undir veraldlegt samþykki (Gunnar F. Guðmundsson 2000:94) og því er ekki útilokað að biskupar hafi talið sig vera að framfylgja réttum kirkjulögum fremur en sérstökum lagabálki sem samþykktur var úti á Íslandi á seinni hluta 13. aldar.

Norðmennirnir Auðun rauður og Ormur Ásláksson gengu ívið lengra í kröfum sínum en íslenskir starfsbræður þeirra, enda komu þeir úr háum embættum innan norsku kirkjunnar og óvanir því fátæka landi sem Ísland var. Illa gekk að framfylgja nýjum kristinrétti á meðan konungsvaldið studdi ekki kirkjuna og lagðist á sveif með kröfum leikmanna um að forn kristinréttur skyldi gilda. Það sama var uppi á teningnum í Noregi. En um leið og norska kirkjan rétti úr kútnum og fékk á nýjaleik viðurkennd ýmis réttindi snerist dæmið við úti á Íslandi og kristinréttur Árna hlaut viðurkenningu sem lögbók kirkjunnar.

Sá vandræðagangur sem hlotist hefur af konungsbréfinu 1354 er óþarfur — þ.e. að reyna að útskýra hvers vegna kristinréttur Árna fékkst viðurkenndur í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1275 og ekki fyrr en hartnær áttatíu árum síðar á

Hólum. Miklu nær er að álykta sem svo að kristinrétturinn hafi hlotið lög-gildingu fyrir landið allt árið 1275 en deilur ríkis og kirkju í Noregi valdið því að erfitt reyndist að framfylgja honum. Íslenska kirkjan var bersýnilega háð þeirri norsku og kannski má segja að samskipti konungs og kirkju í Noregi hafi endurspeglast í samskiptum klerka og alþýðu úti á Íslandi. Þessum deilum fylgdu réttarbætur sem ítrekuðu gildi fornra kristinréttar en þeir voru úreltir og í þá vandaði ákvæði sem kirkjan (bæði íslenska og norska) taldi nauðsynleg. Þ.a.l. hefur verið leitað í nýrri kristinréttarlöggjöf um ýmis mál. Þetta kann að skýra hvers vegna kristinréttur Árna og kristinna laga þáttur Grágáasar standa í einhverjum tilvikum saman í miðaldahandritum, einkum á 14. öld; hefur réttaróvissan orðið til þess að hafa þurfti báða þessa lagabálka við höndina (sjá töflur 1–2 hér á eftir).⁵⁵ Það er þó allrar athygli vert að kristinréttur Árna stendur miklu oftari með Jónsbók á 15. aldar handritum en þeim frá 14. öld og bendir það til þess að þá hafi þessi lagabálkur verið búinn að festa sig í sessi sem kristindómsbálkur lögbókarinnar.

Líta ber á konungsbréfið frá 1354 sem ábendingu til Norðlendinga um breytta afstöðu ríkisvaldsins gagnvart kirkjunni í Noregi en ekki formlega lögfestingu af nokkru tagi. Hvers vegna slíks þurfti ekki við í Skálholtsbiskupsdæmi verður að láta ósvarað. Til þess geta legið margar ástæður en þarflaust er að velta vöngum yfir því á meðan engar heimildir eru til. Því hefur reyndar verið haldið fram að Íslendingar hafi sætt sig betur við konungsvald en kirkjuvald á 13. og 14. öld, enda hafi konungsvaldið verið betur kynnt (Lára Magnúsardóttir 1998:216).⁵⁶ Undir þetta má vissulega taka því íslenskir leikmenn leituðu ítrekað eftir stuðningi konungs þegar þeim þóttu forn réttindi fótum troðin af kirkjunni hér á landi frá lokum 13. aldar og fram yfir miðja 14. öld.

⁵⁵ Sbr. einnig Magnús Stefánsson (1978:236) en þetta er þó ekki alveg eins afgerandi og Magnús lætur að liggja.

⁵⁶ Um kynningu konungsvaldsins, sjá Ármann Jakobsson (1997:288–305 o.v.).

Tafla 1
14.-16. aldar handrit kristinréttar Árna og samsetning þeirra

<i>Aldur</i>	<i>Handrit heilt</i>	<i>Handrit óheilt</i>	<i>Með Jónsbók</i>	<i>Með kristinna laga þætti</i>
14. öld	AM 344 fol		X	
—	AM 346 fol		X	X
—		AM 347 fol	X	X
—	AM 350 fol		X	
—	AM 351 fol		X	
—	AM 354 fol		X	
—	AM 135 4to			X
—		AM 168 b 4to	X	
—		AM 173 c 4to		X
—	AM 48 8vo		X	
—	AM 49 8vo			
—	GKS 3269 a 4to		X	
—	GKS 3270 4to		X	
—		Add. 35 4to I		X
—		NKS 1930 a 4to	X	
—	Sth perg 4:0 nr. 26			
—	UB 1 4to			
15. öld	AM 126 4to		X	
—	AM 128 4to		X	
—	AM 132 4to		X	
—	AM 136 4to		X	X
—	AM 137 4to		X	
—		AM 139 4to	X	
—	AM 151 4to		X	
—		AM 152 4to	X	
—	AM 153 4to		X	
—	AM 155 b 4to	X		
—	AM 157 b 4to		X	
—	AM 158 b 4to		X	X
—	AM 159 4to	X		
—	AM 175 a 4to		X	
—	AM 177 4to			
—	AM 186 4to			
—	AM 39 8vo		X	
—		AM 41 8vo	X	
15. öld		NKS 1925 4to	X	
—	Thott 1280 fol		X	
—		NRA 8a-d		
16. öld	AM 138 4to		X	
—		AM 140 4to	X	X
—	AM 147 4to		X	
—	AM 148 4to		X	
—	AM 160 4to		X	
—		AM 173 d 4to		
—		AM 42 b 8vo	X	
—		AM 50 8vo		X
—	AM 51 8vo		X	
—	AM 52 8vo			
—	Sth perg 8vo nr. 7		X	
—	MS Icel 1		X	

Tafla 2a
Kristinréttur Árna með Jónsbók

<i>Aldur</i>	<i>Handrit alls</i>	<i>Með Jónsbók</i>	<i>Hlutfall</i>
14. öld	17	11	65% handrita kristinréttar með Jónsbók
15. öld	21	18	86% handrita kristinréttar með Jónsbók
16. öld	12	9	75% handrita kristinréttar með Jónsbók
14.-16. öld	50	38	76% handrita kristinréttar með Jónsbók

Tafla 2b
Kristinréttur Árna með kristinna laga þætti Grágásar

<i>Aldur</i>	<i>Handrit alls</i>	<i>Með kristinna l. þ.</i>	<i>Hlutfall</i>
14. öld	17	5	29% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
15. öld	21	2	9,5% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
16. öld	12	2	17% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
14.-16. öld	50	9	18% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.

7. Samantekt

Það hefur þótt miklum vanda stýra fyrir Skálholtsbiskup að semja ný kirkjulög fyrir Íslendinga einmitt á þeim árum sem Magnús konungur Hákonarson og Jón rauði erkibiskup deildu um réttindi kirkjunnar í Noregi. Samt sem áður fékk kirkjan ýmis réttindi viðurkennd á árunum 1270–1280 og er þar skemmst að minnast sættargerðarinnar í Túnsbergi 1277. Löggjafarvald kirkjunnar viðurkenndi Magnús lagabætur þó aldrei en erkibiskup taldi það skýlausan rétt kirkjunnar að semja kristinrétt án afskipta konungsvaldsins og bauð hann Árna Þorlákssyni að gera slíkt hið sama úti á Íslandi.

Varðveisla kristinréttar Árna í miðaldahandritum bendir til þess að hann hafi upphaflega verið í 32–35 köflum. Kristindómsbálkur Jámsíðu, sem tekinn er upp í örfáum miðaldahandritum, hefur sennilega aldrei tilheyrt kristinrétti Árna heldur aðeins staðið sem inngangur í einni úrvinnslu handrita. Frá árinu 1281 hefur svo kristindómsbálkur Jónsbókar tekið við þessu inngangshlutverki. Kaflar 43–46 eru teknir orðréttir úr kristinrétti Jóns rauða erkibiskups og engar heimildir eru fyrir því að þeir hafi fengist lögteknir hér á landi. Nær upphaflegum kristinrétti Árna verður ekki komist.

Margt er á huldu um valdsvið kristinréttar Árna á áratugunum eftir samþykktina 1275. Haft hefur verið fyrir satt að lögtakan hafi aðeins gilt í Skálholtsbiskupsdæmi og að kristinrétturinn hafi fyrst hlotið viðurkenningu í Hólabiskupsdæmi með konungsbréfi árið 1354. Hér hefur verið bent á að þetta sé

ólíklegt. Miklu nær er að álykta að kristinrétturinn hafi hlotið samþykki á öllu landinu 1275. Deilur ríkis og kirkju í Noregi á áratugunum eftir dauða Magnúsar lagabætis 1280 urðu aftur til þess að erfitt eða nánast ókleift reyndist að framfylgja hinum nýju kirkjulögum í báðum biskupsdæmum en ekki aðeins í umdæmi Hólabiskupa. Heimildir benda til þess að biskupar nyrðra, þeir Jörundur Þorsteinsson, Auðun rauður Þorbergsson, Lárentíus Kálfsson og Ormur Ásláksson hafi reynt — a.m.k. að hluta til — að framfylgja kristinrétti Árna eða halda fram öðrum réttindum (réttum lögum) kirkjunnar; þar mættu þeir harðri andstöðu leikmanna. Sú andstaða bendir til að leikmenn hafi ekki litið á samþykkt kristinréttar Árna sem fullkomna viðurkenningu á rétti kirkjunnar til að framfylgja og dæma eftir kanónískum rétti ef hann gekk þvert á landslög.

Á fyrri hluta 14. aldar studdi norska konungsvaldið kröfur leikmanna úti á Íslandi um að forn kristinréttur væri látinn gilda. Það var í samræmi við stefnuna í Noregi eins og réttarbæturnar frá 1290, 1305, 1316 og 1327 staðfesta. Á sama tíma var norska kirkjan í niðurlægingu, bæði vegna stefnu konungsvaldsins og þó ekki síður vegna innri deilna. Þetta breyttist smám saman á öðrum fjórðungi 14. aldar og um miðja öldina má segja að kirkjan hafi verið búin að endurheimta flest af þeim réttindum sem hún hafði hlotið á dögum Jóns rauða. Á sama tíma snerist konungsvaldið á sveif með kirkjunni og vitanlega breyttust því aðstæður úti á Íslandi. Parlendir leikmenn, sem áður höfðu notið stuðnings konungsvalds gegn kirkju, máttu nú setta sig við að nýrri stefnu var fylgt í Noregi: Nú skyldi dæmt á Íslandi eftir kristinrétti Árna; stóð hann síðan óhaggaður fram yfir siðaskipti sem lög kirkjunnar.

Þess má geta að kristinréttur Árna var ekki afnuminn í heild sinni við siðaskiptin því að margt úr honum var tekið upp í ordinansíu Kristjáns III. Á 19. öld taldi t.a.m. Jón Pétursson, þá forseti Landsyfirréttar, kristinréttinn enn „grundvallarlögin fyrir hinum nú gildanda kirkjurjetti hjer, að því leyti [hann] staðizt getur með trúarbrögðum vorum“ (1863:17). Í Lagasafni (2003:628) eru prentaðar tvær greinar úr kristinrétti Árna og munu vera elstu gildandi lög Íslendinga og kveða á um kirkjubyggingar, kirkjueignir og fleira.

Samþykkt kristinréttar Árna í lögréttu 1275 var sannarlega sigur fyrir kirkjuna en um leið aðeins áfangi á torsótttri leið í átt að frelsi og réttindum kirkjunnar. Íslenska kirkjan mátti sín enda lítils í deilum við veraldarhöfðingja á meðan stuðnings erkibiskups og/eða konungs naut ekki við. Mörgum ákvæðum hinna nýju kirkjulaga höfðu Íslendingar reyndar kynnst áður, ýmist í hirðisbréfum erkibiskupa, biskupastatútum innlendum eða kristinna laga þætti, en önnur voru ný af nálinni hér á landi. Fór enda svo að í deilum lærðra

og leikra eftir 1280 fylgdu hverjir sínum lögum; biskupar héldu sig við kirkju-lög en leikmenn við landslög (þ.e. Jónsbók). Þetta sést á samsetningu 14. aldar lagahandrita, sem sum hver varðveita (auk Jónsbókar) bæði kristinrétt Árna og kristinna laga þátt Grágásar. Þetta breytist á 15. öld; þá fylgir kristinréttur Árna nánast alltaf Jónsbók en kristinna laga þáttur afar sjaldan. Eftir miðja 14. öld má því segja að kristinréttur Árna hafi fest sig rækilega í sessi sem hinn eiginlega kristinréttarlöggjöf Íslendinga.

RITASKRÁ

Handrit

AM 334 fol	AM 128 4to	AM 48 8vo
AM 350 fol	AM 182 a 4to	AM 49 8vo
AM 351 fol	AM 182 b 4to	NKS 1930 a 4to

Önnur rit:

- Agnes S. Arnórsdóttir. 1995. *Konur og vígamenn*. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Agnes S. Arnórsdóttir. 1996. Um brúðkaup, kvennagiftingar og kanónískan rétt. *Konur og kristsmenn*. Þættir úr kristnisögu Íslands: 65–89. Ritstj. Inga Huld Hákonardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- AnnEccl = Annales ecclesiæ Danicæ diplomatici, oder Kirchen Historie des Reichs Dänemarct* I. 1741. Erik Pontoppidan gaf út. Kaupmannahöfn.
- Ármann Jakobsson. 1997. *Í leit að konungi*. Konungsmynd íslenskra konungasagna. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Árna saga biskups. 1972. Þorleifur Hauksson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Bagge, Sverre. 1987. *The Political Thought of the King's Mirror*. Odense University Press, Odense.
- Biblían*. Heilög ritning. Gamla testamentið og Nýja testamentið. 1981. Biblíufélagið, Reykjavík.
- Biskupa sögur* I–II. 1858–1878. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn.
- Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir. 1989. Norska öldin. *Saga Íslands* IV: 61–258. Ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson og Sigurður Línal. 1978. Lögfesting konungvalds. *Saga Íslands* III: 19–108. Ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, Reykjavík.
- Brundage, James A. 1995. *Medieval Canon Law*. Longman, New York.
- Byock, Jesse. 2001. *Viking Age Iceland*. Penguin, London.

- Byskupa sögur 2. 1978. Udg. af Jón Helgason. *EAA* 13,2. København.
- Bøe, Arne. 1965. Lagting. Norge og Færøyan. *KLNM* X:178–184.
- Bøe, Arne. 1966. Magnus Lagabøters landslov. *KLNM* XI:231–237.
- Cantor, Norman E. 1993. *The Civilization of the Middle Ages*. Endurskoðuð og aukin útgáfa. Harper Perennial, New York.
- Chodorow, Stanley. 1984. Decretum. *Dictionary of the Middle Ages* 4:128–130.
- Chodorow, Stanley. 1986. Law, Canon: After Gratian. *Dictionary of the Middle Ages* 7:413–417.
- DI* = *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn* I–XVI. 1857–1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn / Reykjavík.
- Einar Arnórsson. 1945. *Réttarsaga Alþingis*. Alþingissögufnd, Reykjavík.
- Finnur Jónsson. 1772–1778. *Historia ecclesiastica Islandiæ* I–IV. Kaupmannahöfn.
- Fjölnir*. Árs-rit handa Íslendingum. 1844. Sjöunda ár. Kaupmannahöfn.
- Gísli Sigurðsson. 2002. *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Grágás* Ia–Ib. (Konungsbók). 1852. Udg. Vilhjálmur Finsen. København.
- Guðbrandur Jónsson. 1940. Almenn kirkjubæn, martyrologium og messudagakver á Íslandi fyrir siðaskiptin. *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni hæstaréttardómara dr.juris sextugum 24. febrúar 1940*:103–125. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 1982. Um afskipti erkibiskupa af íslenskum málefnum á 12. og 13. öld. *Saga* 20:28–62.
- Gunnar F. Guðmundsson. 2000. Íslenskt samfélag og Rómakirkja. *Kristni á Íslandi* II. Ritstj. Hjalti Hugason. Alþingi, Reykjavík.
- Gunnar F. Guðmundsson. 2001. Iðrun og yfirbót. Nokkur orð um skriftamál á miðöldum. *Lindæla. Sigurður Línal sjötugur 2. júlí 2001*:213–227. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 1991. Að ná íslenskum lögum. Um lagaákvæði Gamla sáttmála og löggjafarvald á Íslandi í veldi Noregskonungs. *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni sextugum 25. desember 1991*:53–75. Sögufraeðslusjóður, Reykjavík.
- Helle, Knut. 1972. *Konge og gode menn i norsk riksstyring ca. 1150–1319*. Universitetsforlaget, Bergen.
- Helle, Knut. 1974. *Norge blir en stat 1130–1319*. Handbok i Norges historie, 3. Universitetsforlaget, Bergen.
- ÍF* XVII = Árna saga biskups, Lárentíus saga biskups, Söguþáttur Jóns Halldórssonar biskups, Biskupaættir. *Íslensk fornrit* XVII. *Biskupa sögur* III. 1998. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. Útg. Gustav Storm. Christiania.
- Jakob Benediktsson. 1967. Oddaverjaannáll. *KLNM* XII:492–493.
- Jakob Benediktsson. 1972. Statuter. Island. *KLNM* XVII:70–71.
- [*Járnsíða*] = *Hin forna lögbók Íslendinga sem nefnist Járnsíða eðr Hákonarbók*. ... 1847. Útg. Þórður Sveinbjörnsson. Sumptibus Legati Arnæ-Magnæani, Hafniæ.
- Jón Helgason [biskup]. 1925. *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma* I. Kristnihald þjóðar vorrar fyrir siðaskifti. Félagsprentsmiðjan, Reykjavík.
- Jón Helgason [prófessor]. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Jóhannesson. 1956. *Íslendinga saga* I. Þjóðveldisöld. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Jón Jóhannesson. 1958. *Íslendinga saga* II. Fyrirlestrar og ritgerðir um tímabilið 1262–1550. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jón Pjetursson. 1863. *Íslenzkur kirkjurjettur*. Reykjavík.
- Jón Sigurðsson. 1856. *Om Islands statsretlige Forhold*. København.
- Jón Sigurðsson. 1886. Lögsögumannatal og lögmanna á Íslandi, með skýringargreinum og fylgiskjöllum. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* II:1–250.
- Jónas Kristjánsson. 1975. Bókmenntasaga. *Saga Íslands* II:147–258. Ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenzka bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.
- Jónsbók. *Kong Magnus Hakonsson lovbog for Island*. 1970. Udg. Ólafur Halldórsson. Odense Universitetsforlag, Odense. [Ljósprent af upphaflegri útgáfu 1904].
- Joy, Charles. 1955. Tidsrommet 1280–1450. *Nidaros erkebispestol og bispesete 1153–1953*. Forlaget land og kirke, Oslo.
- JusEccl = Jus ecclesiasticum novum sive Arnæanum constitutum anno Domini MDCCLXXVII. Kristinrettr inn nýi edr Arna biskups*. ... 1777. Útg. Grímur Thorkelín. Hafnia.
- Knudsen, Trygve. 1958. Eidsivatingsloven. *KLNM* III:526–528.
- Lagasafn*. Íslensk lög 1. júlí 2003. 2003. Ritstj. Viðar Már Matthíasson. Reykjavík.
- Lára Magnúsardóttir. 1998. Agameðöl kirkjunnar fyrir siðaskipti: Bannfæringar. *Íslenska söguþingið* 28.–31. maí 1997. *Ráðstefnurit* II:210–220. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson, Eiríkur K. Björnsson. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands / Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík.
- Lára Magnúsardóttir. 2001a. Ólína Þorvarðardóttir: Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjöllum og munnmælum. *Saga* 39:238–244. [Ritdómur].
- Lára Magnúsardóttir. 2001b. Kristni á miðöldum. *Skírnir* 175:195–221. [Ritdómur].
- LatDok = Latinske dokument til norsk historie fram til år 1204*. 1959. Eirik Vandvik gaf út. Det Norske Samlaget, Oslo.
- LEI = Laws of early Iceland. Grágás. The Codex Regius of Grágás, with Material from other Manuscripts* I. 1980. Transl. by Andrew Dennis, Peter Foote & Richard Perkins. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Loftur Guttormsson. 2000. Frá siðaskiptum til upplýsingar. *Kristni á Íslandi* III. Ritstj. Hjalti Hugason. Alþingi, Reykjavík.
- Lúk = Lúkasarguðspjall, sjá Biblían*
- Magnús Lyngdal Magnússon. 2002. *Kristinréttur Árna frá 1275. Athugun á efni og varðveislu í miðaldahandritum*. [Óútgefin ritgerð til M.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands].
- Magnús Lyngdal Magnússon. 2003. AM 182 a 4to og AM 182 b 4to. Árni Magnússon og kristinréttur Árna Þorlákssonar. *Sagnir* 23:42–47.
- Magnús Már Lárusson. 1962. Járnsíða. *KLNM* VII:566–568.
- Magnús Már Lárusson. 1964. Kristinrettar. Island. *KLNM* IX:304–306.
- Magnús Stefánsson. 1975. Kirkjuvald eflist. *Saga Íslands* II:57–144. Ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenzka bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.
- Magnús Stefánsson. 1978. Frá goðakirkju til biskupskirkju. *Saga Íslands* III:111–257. Ritstj. Sigurður Línal. Hið íslenzka bókmenntafélag, Sögufélag / Reykjavík.
- Magnús Stefánsson. 2000. *Staðir og stadamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen* I. Universitetet i Bergen, Historisk institutt, Bergen.

- Már Jónsson. 1991. Sautján konur. Forboðnir liðir í kristinrétti Árna Þorlákssonar 1275. *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni sextugum 25. desember 1991*:147–168. Sögufræðslusjóður, Reykjavík.
- Már Jónsson. 1993. *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Maurer, Konrad. 1878. *Udsigt over de nordgermaniske Retskilders Historie*. Kristiania.
- Maurer, Konrad. 1966. *Über Altnordische Kirchenverfassung und Eherecht II*. Osnabrück. [Ljósprent af upphaflegri útgáfu 1908].
- NgL = *Norges gamle love I–V*. Udg. R. Keyser, P.A. Munch, Gustav Storm og Ebbe Hertberg. Christiania, 1846–1895.
- Ólafur Lárússon. 1923. *Grágás og lögbækurnar*. Fylgir Árbók Háskóla Íslands háskólaárið 1921–1922. Reykjavík.
- Ólafur Lárússon. 1958. *Lög og saga*. Hlaðbúð, Reykjavík.
- Orri Vésteinsson. 2000. *The Christianization of Iceland*. Priests, Power and Social Change 1000–1300. Oxford University Press, Oxford.
- Páll Eggert Ólason. 1922. *Menn og menntir siðaskiptaaldarinnar á Íslandi II*. Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1951. *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 I–V*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Páll Sigurðsson. 1971. *Brot úr réttarsögu*. Hlaðbúð, Reykjavík.
- Páll Sigurðsson. 1992. *Svipmyndir úr réttarsögu*. Ættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík.
- Páll Vídalín. 1854. *Skýringar yfir fornryðri lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast*. Reykjavík.
- Pennington, Kenneth. 1992. Medieval Law. *Medieval Studies. An Introduction*:333–352. 2. útg. Ritstj. James M. Powell. Syracuse University Press, Syracuse.
- Reynolds, Roger E. 1986. Law, Canon: To Gratian. *Dictionary of the Middle Ages* 7: 395–413.
- Schwarz Lausten, Martin. 1987. *Christian den 3. og kirken 1537–1559*. Studier i den danske reformationsskirke 1. Akademisk Forlag, København.
- Seip, Didrik Arup. 1957. Borgartingsloven. *KLNM II*:149–150.
- Seip, Jens Arup. 1937–1940. Ennu en kristenrett fra gammelnorsk tid. (Norsk) *Historisk Tidsskrift* 31:573–627.
- Sigurður Líndal. 1974. Upphaf kristni og kirkju. *Saga Íslands I*:227–288. Ritstj. Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.
- Sigurður Líndal. 1978. Stjórnskipunarhugmyndir og stjórnarhættir til loka hámiðalda. *Saga Íslands III*:1–16. Ritstj. Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.
- Sigurður Líndal. 1984. Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu. *Skírnir* 158:121–158.
- Sigurður Líndal. 1997. Um þekkingu Íslendinga á rómverskum og kanónískum rétti frá 12. öld til miðrar 16. aldar. *Úlfjótur. Afmælisrit – 50 ára* 1:241–273.
- Skálholtsbók eldri. Jónsbók etc. Manuscript No 351 Fol. In the Arnamagnæan Collection. *EIM IX*. 1971. Ed. Christian Westergaard-Nielsen. Rosenkilde and Bagger, Copenhagen.
- Skarðsbók. Codex Scardensis. AM 350 fol.* 1981. (Manuscripta Islandica Medii Aevi I). Ritstj. Jónas Kristjánsson. Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Líndal rituðu formála. Lögborg, Reykjavík.

- Skovgaard-Petersen, Inge. 1960. Islandsk egenkirkevæsen. *Scandia* 26:230–296.
- Sveinbjörn Rafnsson og Magnús Stefánsson. 1979. Orðaskipti um Íslandssögu. *Skírnir* CLIII:206–221.
- Sveinbjörn Rafnsson. 1996. Um Hrafnkels sögu freysgoða, heimild til íslenskrar sögu. *Saga* XXXIV:33–84.
- Sverrir Tómasson. 1992a. Veraldleg sagnaritun 1120–1400. *Íslensk bókmenntasaga* I:263–418. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1992b. Kristnar trúarbókmenntir í óbundnu máli. *Íslensk bókmenntasaga* I:419–480. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Synan, Edward A. 1982. Augustine of Hippo, St. *Dictionary of the Middle Ages* 1:646–659.
- Tierney, Brian. 1988. *The Crisis of Church and State 1050–1300*. University of Toronto Press, Toronto.
- Tryggvi Þórhallsson. 1923. Brandur Jónsson, biskup á Hólum. *Skírnir* 97:46–64.
- Porkell Bjarnason. 1878. *Um siðbótina á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

SUMMARY

In 1275 the Christian Law of Bishop Árni (kristinréttur Árna biskups) was adopted in Iceland and replaced the Christian Laws' Section of Grágas. Until 1275 the ecclesiastical laws had been a part of the secular law codex Grágás, but now it was separate and the acceptance of this new law established canon law in Iceland (although the Christian Law of Bishop Árni often preceded or followed Jónsbók in manuscripts, it was still a separate law). The Christian Law of Bishop Árni is largely based on the Christian Law of Archbishop Jón rauði, the Christian Law of Guláping and articles from the Christian Laws' Section of Grágas (mainly the tithe-law), but it also includes sections from Liber extra and Decretum Gratiani.

Although it was accepted at the Alþingi it has been debated whether the Christian Law of Bishop Árni was adopted for both Skálholt and Hólar (the two bishoprics) in 1275 or for Skálholt alone, followed considerably later by Hólar in 1354. In this article the former assumption is upheld. The law was clearly compiled under the guidance of Archbishop Jón rauði and during a period when the Archbishop and King Magnús Hákonarson fought over the jurisdiction of the church. Even though the king never accepted the legislative power of the church (and therefore not the Christian Law of Archbishop Jón rauði) the church gained considerable rights during the period 1270–1280 (such as the Túsberg accord of 1277).

As the mother-church in Norway became more powerful the Icelandic church gradually developed into a self-governing body — with its own law — and the influence of chieftains over the church decreased substantially. In the midst of these developments the Christian Law of Bishop Árni came in to force. But just a few years later King Magnús Hákonarson was dead (1280), and a fierce conflict between church and state in Norway followed; Archbishop Jón rauði fled the country (dying in exile) and many ecclesiastical rights were forfeited. Nonetheless during the 14th century the relationship between church and state in Norway improved, and by 1350 the church had again acquired most of the rights it had gained in 1270–1280.

The development of the Icelandic church during the last decades of the 13th century and on to the 14th reflected what was happening in Norway. The conflict between ecclesiastical and secular leaders in Norway led to similar debates in Iceland (though on a much smaller scale) and it became impossible for church leaders in Iceland to enforce the new church law. Just as in Norway, Icelandic laymen wanted to refer to the older church law — which was not founded on canon law — and the ongoing struggle between chieftain-farmers and bishops during the first half of the 14th century is documented both in annals and in the saga of Bishop Lárentíus (which mainly refers to the bishopric of Hólar). As long as the conflict went on in Norway, laymen in Iceland could count on support from the king in their struggle with the church. But as the relationship between church and state in Norway improved and the church regained its influential position around 1350 the situation changed in Iceland, and the church could again enforce the Christian Law of Bishop Árni with the approval of secular leaders in Norway.

From the middle of the 14th century until the Reformation the Christian Law of Bishop Árni was the recognized legislation in church matters in Iceland even though it was practised in close correlation with the secular laws of Jónsbók.

Magnús Lyngdal Magnússon

Háaleitisbraut 113

108 Reykjavík

lyngdal@internet.is